# FRÉTTABLAÐIÐ

203. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 1. SEPTEMBER 2015




**Ótrúlegt sjónarspil** Þessi ótrúlega mynd náðist í gilinu við fossinn Gljúfrabúa á Suðurlandi í síðustu viku. Í gilinu myndast úði sem sprautast út um gilgöngin og myndar þennan rauðleita blæ þegar geislar sólar skína á hann. Á steini stendur Freyr Franksson og dáist að sjónarspilinu. Mynd/Haukur Snorrason

# Lesbíum er mismunað hjá Þjóðskrá

**Lesbískar mæður þurfa að staðfesta við opinberar stofnanir hvernig barn þeirra kom undir. Hið sama gildir ekki um gagnkynhneigð pör sem eignast barn með tæknifrjóvgun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikill urgur yfir þessu hjá mæðrum í samböndum.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Lesbískar mæður eiga að skila inn vottorði til Þjóðskrár og Hagstofunnar þess efnis að móðirin sem ekki gekk með barnið hafi verið fylgjandi tæknifrjóvgun. Þess er ekki krafist af gagnkynhneigðum foreldrum, þótt gjafasæði hafi verið notað. Án vottunarinnar er móðirin ekki skráð sem slík og á ekki rétt á fæðingarorlofsgreiðslum. „Ég tel þessa reglu vera mismunun og að þetta eigi ekki að viðgangast,“ segir Katrín Oddsdóttir lögmaður.

„Það er tilgreind í barnalögunum svokölluð pater est regla, sem segir að ef þú ert skráður karl í hjónabandi [eða sambúð] með konu þá ertu skráður pabbi barnsins,“ segir hún.

Katrín var ekki skráð sem móðir barns síns við fæðingu þess þrátt fyrir að vera gift eiginkonu sinni. Það gekk fyrst í gegn eftir að þær skiluðu inn yfirlýsingu um að þær hefðu báðar verið hlynntar tæknifrjóvguninni. Samt má ekki fara í tæknifrjóvgun án þess að hafa leyfi frá maka.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er mikill urgur yfir þessu hjá mæðrum í samböndum í dag. Katrín segir regluna fráleita. Hún segir foreldra í þessari stöðu hljóta að íhuga réttarstöðu sína og reyna að knýja fram breytingar. Í samtali við Guðmund Arason, lækni hjá Art Medica sem sér um tæknifrjóvganir, kemur fram að fyrirtækið geri ekki greinarmun á gagnkynhneigðum og samkynhneigðum. Ekki náðist í Margréti Hauksdóttur, forstjóra Þjóðskrár, við vinnslu fréttarinnar. - snæ

## Meirihluti tekna fer í húsaleigu

**VELFERÐARMÁL** Um tíu prósent leigjenda á höfuðborgarsvæðinu borga yfir sextíu prósent af ráðstöfunartekjum sínum í leigu.

Þetta eru niðurstöður opinnar og órekjanlegrar könnunar á meðal leigjenda á síðunni skuldlaus.is sem Haukur Hilmarsson, ráðgjafi í fjármálahegðun, heldur úti. Hann segir niðurstöðurnar ríma við það sem hann upplifir í starfi sínu.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar borga leigjendur að meðaltali tæplega fjörutíu prósent af ráðstöfunartekjum sínum í leigu eftir að tillit hefur verið tekið til húsaleigubóta. Ríflega helmingur svarenda nær ekki endum saman í hverjum mánuði og eingöngu einn af hverjum tíu sagðist auðveldlega ná endum saman um hver mánaðamót. Fimm hundruð svöruðu könnuninni.

- ebg / sjá síðu 6

## Í dag er Fréttablaðið


**SKOÐUN** Lýður Árnason skrifar um sjávarútvegsmál. 13




HALLDÓR 12



**SPORT** Íslenska landsliðið í fótbolta hefur verið að mestu yfir í leikjum sínum. 16

**MENNING** Kristín Eysteinsdóttir kynnti leikárið í Borgarleikhúsinu. 22

**LÍFIÐ** Vegna yfirlýsingar Kanyes West um forsetaframboð eru eftirminnileg ummæli rifjuð upp. 28

**PLÚS — 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður



Hæg vestlæg eða breytileg átt. Dálítil þokusúld með köflum vestast á landinu en skýjað með köflum eða bjartviðri austanlands. Hiti 8 til 15 stig að deginum, hlýjast A-til. SJÁ SÍÐU 20



**Miklar truflanir verða á umferð í kringum Prýðishverfið.**

# Álftanesvegur lokaður lengur

**SAMGÖNGUR** Opnun Álftanesvegar frestast að minnsta kosti um tvær vikur, en samkvæmt vefsíðu Vegagerðarinnar var stefnt að því að vegurinn yrði opnaður í dag.

Næstu tvær vikur verður hins vegar unnið við breikkun og lagfæringar á Álftanesvegi um Engidal milli Hafnarfjarðarvegar og Prýðishverfis. „Vegurinn er tilbúinn að langmestu leyti en það er kafli frá Hafnarfjarðarvegi og yfir að nýja hverfinu í Garðahrauni, Prýðishverfinu, sem er verið að vinna,“ segir Jóhann Bergmann, deildarstjóri hjá Vegagerðinni.

„Það er erfiðasti kaflinn, þannig séð. Þar eru lagnir sem þarf að færa til og þess lags,“ segir Jóhann. „Þennan hálfa mánuð verða miklar truflanir á umferð í kringum Prýðishverfið,“ bætir hann við.

Í tilkynningu frá Vegagerðinni segir að verði þörf á að koma upp tímabundnum hjáleiðum vegna einhverra þátta framkvæmdarinnar verði það auglýst sérstaklega.

„Það er ábyggilega hægt að finna einhverja ástæðu fyrir seinkuninni og tína til leiðir sem hefði verið hægt að fara til að gera þetta á skemmri tíma,“ segir Jóhann, aðspurður um seinkunina.

„Það er stefnt að því að þetta verði svo búið eftir hálfan mánuð. Það eru allir með fullan vilja til að láta þetta ganga hratt núna,“ segir Jóhann. Að framkvæmdinni stendur Vegagerðin í samvinnu við Garðabæ. - þea

## Lúin í Leifsstöð




**Síðasta nóttin** Þessir ferðamenn eru meðal fjölmargra sem hreiðra um sig í Flugstöð Leifs Eiríkssonar en að sögn Guðna Sigurðssonar, upplýsingafulltrúa Isavia, er næturgisting ferðamanna töluvert vandamál. Engin viðurlög eru við því að hvíla sig en öryggisverðir Isavia ganga reglulega um flugstöðina og biðja fólk um að koma sér fyrir annars staðar. Fréttablaðið/Kolbeinn Tumi

# Fá að skoða öll útboðsgögn samkeppnisaðila

**SAMKEPPNISMÁL** Sveitarfélagið Ölfus og Gámaþjónustan munu veita samkeppnisaðila fyrirtækisins, Íslenska gámafélaginu, öll útboðsgögn sveitarfélagsins vegna sorphirðu í Ölfusi. Hæstiréttur kvað upp þann dóm í síðustu viku. Útboðið fór fram í mars í fyrra og átti Gámaþjónustan lægsta tilboð.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður Gámaþjónustunnar, segir þennan dóm geta skaðað opinbera aðila sem leita eftir bestu verðunum. „Þetta er eins og bakarar gefi samkeppnisaðila uppskriftina sína,“ segir hún.

Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, segir þetta áfangasigur. „Það er ánægjulegt að við fáum að skoða þessi gögn og fá okkar rétt. Nú getum við kannað hvort ekki hafi allt verið gert á réttan hátt varðandi útboð sveitarfélagsins.“ - sa

BRIDS SKÓLINN




skráning hafin á haustnámskeið ...

stig 1 byrjendur
hefst 21. sept. 8 mánudagar frá 20-23

stig 2 kerfið
hefst 23. sept. 8 miðvikudagar frá 20-23

- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Staður: Síðumúli 37 (Bridgesamband Íslands).
- Sjá nánar á Netinu undir bridge.is/fræðsla.

Upplýsingar og innritun í síma ... 898-5427

# Segir mannréttindi fatlaðra ekki í forgangi

**Ísland er eitt fjögurra landa í Evrópu sem ekki hafa fullgilt Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Formaður ÖBÍ segir innanríkisráðuneytið bera ábyrgð á töfunum. 151 land í heiminum hefur innleitt samninginn.**

**SAMFÉLAG** Aðeins fjögur lönd í Evrópu eiga eftir að innleiða Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og er Ísland eitt af þeim ásamt Finnlandi, Írlandi og Hollandi. „Finnland er á lokametrunum og mun skila inn öllum gögnum til Sameinuðu þjóðanna í haust. Þá verður Ísland eitt af þremur löndum í Evrópu sem ekki hafa fullgilt hann,“ segir Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, um stöðu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á Íslandi.

Nú hefur 151 land innleitt samninginn og 132 lönd fullgilt hann. Ísland tók þátt í undirritun samningsins árið 2007 en hefur ekki enn fullgilt hann. Öryrkjabandalagið berst nú fyrir því að Alþingi fullgildi samninginn á haustþingi. „Það er alveg klárt mál að mannréttindi fatlaðs fólks eru ekki í forgangi hjá stjórnvöldum. Þessari vinnu hefði átt að vera lokið fyrir löngu síðan,“ segir Ellen.

Samningurinn er leiðarvísir að því hvernig tryggja skal fötluðu fólki mannréttindi og tækifæri til jafns við aðra í lífinu.

„Nú er Ísland á sama stað og Norður-Kórea hvað fullgildinu samningsins varðar. Okkur þykir það verulega einkennilegt, sérstaklega miðað við hvað við erum með umfangslitla stjórnsýslu,“ segir Ellen og bætir við að innanríkisráðuneytið beri fulla ábyrgð á töfunum. Ráðherra innanríkismála hafi umsjón með fullgildingu samningsins og virðist innleiðingarferlið taka heila eilífð.

„Staðan er þannig að það er verið að vinna að endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú vinna hefur líka tekið allt of langan tíma og í raun mun lengri tíma en við gerðum ráð fyrir,“ segir Ellen og bætir við að stjórnvöld telji að það þurfi að fara fram endurskoðun á íslenskum lögum svo hægt sé að fullgilda samninginn.



**Það að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hafi hvorki verið lögfestur né innleiddur á Íslandi þýðir að erfiðara er fyrir fólk að sækja rétt sinn til dómstóla á grundvelli samningsins.** Fréttablaðið/Valli

Ellen getur þess að fyrrverandi innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, hafi síðastliðið haust sagt að hún ætlaði að leggja fram frumvarp á vorþingi 2015 um lögfestingu samningsins. „Lögfesting er auðvitað það sem við viljum fyrst og fremst sjá en mér skilst að það sé þannig að ætlunin sé ekki sú að lögfesta hann heldur að fullgilda hann. Við skorum á stjórnvöld að gera það á haustþinginu,“ segir Ellen.

Það að samningurinn hafi hvorki verið lögfestur né innleiddur þýðir að erfiðara er fyrir fólk að sækja rétt sinn til dómstóla á grundvelli samningsins.

Ellen segir að fatlað fólk finni fyrir óteljandi hindrunum í daglegu lífi sem stangist á við samninginn. „Til dæmis túlkaþjónustan. Fólk fær túlk til læknisheimsókna en ekki í félagslífi, svo sem í sinni eigin útskriftarathöfn. Einnig eru mörg dæmi um að ferðaþjónustu fatlaðra sé ábótavant, sérstaklega á landsbyggðinni,“ segir Ellen.

„Það er skiljanlegt að mönnum þyki það ganga hægt en það er verið að vinna í málunum. Alþingi samþykkti breytingar á lögræðislögum í vor og var það stórt skref í rétta átt,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, aðstoðarkona innanríkisráðherra, um málið. nadine@frettabladid.is



**Nýtt hjá Nova**

# Hej alle i hopa!

## Stórlækkað verð á Norðurlöndum!

Við kynnum nýjan Ferðapakka sem felur í sér að nú kostar minna að nota Nova farsíma í útlöndum. Mest er lækkunin ef farsíminn er notaður á Norðurlöndum. Ferðapakkinn gildir í yfir 30 löndum í Evrópu, USA og Kanada. Ferðastu með Nova og borgaðu minna.

**Norðurlönd: Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Færeyjar.**

| Daggjald | Upphafs-gjald | Hringt til Íslands Mínútuverð | Símtal móttekið Mínútuverð | SMS | Netið í símann 10 MB |
|---|---|---|---|---|---|
| **0 kr.** | **10 kr.** | **20 kr.** | **0 kr.** | **14 kr.** | **119 kr.** |

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Ísland afnemi Dyflinnarreglugerðina

**Samtökin Ekki fleiri brottvísanir vilja að Ísland fari að fordæmi Þýskalands og segi sig frá Dyflinnarreglugerðinni. 220 einstaklingar hafa sótt um hæli frá ágúst 2014 en 33 hafa verið sendir úr landi. Breytingar á útlendingalögum munu bæta réttarstöðu hælisleitenda.**



Sýrlenskt flóttafólk sefur á gólfinu í lest á leið sinni frá Makedóníu til landamæra Serbíu. Þaðan mun það að öllum líkindum leggja leið sína að Ungverjalandi til að komast inn á Schengen-svæðið. Stjórnvöld í Ungverjalandi hafa heitið að mæta flóttafólki af hörku. Nordicphotos/AFP

**SAMFÉLAG** „Það sem við erum að benda á með áskoruninni er að fara að fordæmi Þýskalands, sem er hætt að beita Dyflinnarreglugerðinni á sýrlenska flóttamenn,“ segir Benjamín Julian, talsmaður samtakanna Ekki fleiri brottvísanir.

Samtökin sendu á föstudaginn frá sér áskorun til innanríkisráðherra um að hætt verði að fara eftir Dyflinnarreglugerðinni við að synja umsóknum hælisleitenda og vísa þeim úr landi.

220 einstaklingar hafa sótt um hæli á Íslandi frá 25. ágúst 2014 en 33 þeirra hafa verið sendir úr landi til annars Schengen-ríkis á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. 23 þeirra hafa kært brottvísunina og nokkur þeirra mála eru enn í gangi. Flestir einstaklinganna 33 höfðu ekki fengið stöðu hælisleitenda eða alþjóðlega vernd á Íslandi en höfðu fengið álíka stöðu innan annars ríkis í Schengen.

„Það er einséð að það stríð sem er í gangi þar í landi [Sýrlandi] er að valda þvílíkum fjölda flóttamanna að það er ekki ásættanlegt lengur að fólk sé sent fram og til baka á grundvelli ónýtrar reglugerðar.“

Hann segir að mikilvægt sé að forgangsraða á þann hátt að í stað þess að einblína einungis á vellíðan Íslendinga verði öryggi flóttafólks gert hærra undir höfði. Þá telur Benjamín að íslensk menning hefði gott af erlendum áhrifum.

„Fjöldi flóttamanna á Íslandi getur verið svo miklu meiri og það myndi samt bæta ástandið í heild. Það er stundum talað um hvað er raunhæft og hvað er ekki raunhæft, það er bara ekki raunhæft að búa í flóttamannabúðum í fjöldamörg ár.“

Síðastliðinn mánudag kynnti þingmannanefnd um málefni útlendinga drög að breytingum á útlendingalögum. Í þeim lögum felst nokkur réttarbót á stöðu fólks sem óskar eftir alþjóðlegri vernd þó að enn sé gert ráð fyrir áframhaldandi samstarfi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Fjöldi hælisleitenda í heiminum hefur ekki verið meiri frá því að stríðin á Balkanskaga stóðu sem hæst fyrir um tveimur áratugum.

Samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sóttu 866 þúsund manns um hæli í iðnríkjum árið 2014, sem er 45 prósenta fjölgun frá árinu 2013. Flestir hælisleitendanna eru sýrlenskir en þeir voru um 150 þúsund í fyrra. Þar á eftir voru það Írakar, sem voru um 70 þúsund.

Árið 2014 voru 59,5 milljónir manna á flótta frá heimalandi sínu. Ef flóttamenn heimsins væru þjóðríki væru þeir 24. stærsta þjóðríki í heimi.

stefanrafn@frettabladid.is

**Það er stundum talað um hvað er raunhæft og hvað er ekki raunhæft, það er bara ekki raunhæft að búa í flóttamannabúðum í fjöldamörg ár.**



Benjamín Julian, talsmaður Ekki fleiri brottvísanir

**220** hafa sótt um hæli á Íslandi frá ágúst 2014.

**Ef flóttamenn heimsins væru þjóðríki væru þeir 24. stærsta þjóðríki í heimi.**

**33** hafa verið sendir úr landi á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar frá ágúst 2014.

**866** þúsund manns sóttu um alþjóðlega vernd í iðnríkjum árið 2014.

## FLÓTTAFÓLK OG HÆLISLEITENDUR, HVER ER MUNURINN?

Fólki er tíðrætt um flóttafólk og hælisleitendur þessa dagana. Margir gera sér þó ekki grein á stöðumun þessara einstaklinga.

Samkvæmt vefsíðu Mannréttindaskrifstofu Íslands er flóttamaður skilgreindur sem „sá sem er utan við heimaland sitt og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum, eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands“.

Þeir flóttamenn sem sveitarfélög hafa verið að taka við á undanförnum árum eru svokallaðir kvótaflóttamenn sem falla að ofangreindri skilgreiningu. Þetta er til dæmis fólk sem dvelst í flóttamannabúðum eða er á vergangi í Evrópu.

Þegar fólk sækir um hæli utan eigin ríkis er það skilgreint sem hælisleitendur hjá umsóknarríki. Með hælisumsókn sinni er fólk að óska eftir viðurkenningu hjá viðkomandi ríki sem flóttamaður. Flóttamenn sem sækja um hæli á Íslandi eiga að mestu sönnunarbyrðina fyrir því að þeir eigi að fá hæli.

Ef íslensk stjórnvöld synja einstaklingi um hæli er hægt að vísa viðkomandi úr landi, veita honum dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða veita honum bráðabirgðadvalarleyfi ef ekki er hægt að vísa honum úr landi.






# Gleðst yfir vilja þjóðarinnar til að hjálpa flóttamönnum

**SAMFÉLAG** „Maður getur ekki gert neitt nema gleðjast yfir því að yfir tíu þúsund Íslendingar hafa boðið fram aðstoð sína á Facebook,“ segir Eygló Harðardóttir velferðarráðherra um viðbrögð Íslendinga við flóttamannavandanum.

Fréttir af flóttamönnunum frá Sýrlandi hafa undanfarið snert hjörtu margra og hafa yfir tíu þúsund Íslendingar tekið sig saman og boðið fram aðstoð sína til flóttamanna frá Sýrlandi undir yfirskriftinni „Kæra Eygló Harðar – Sýrland kallar“ á Facebook.

„Ég man bara ekki eftir öðru eins. Ég get ekki sagt að ég hafi búist við þessu en þetta kemur mér þó ekki á óvart því undanfarið hafa margir fundið fyrir miklum vanmætti,“ segir Bryndís Björgvinsdóttir, stofnandi umræddrar Facebook-síðu.

„Við höfum beðið alltof lengi eftir að heyra frá stjórnvöldum og sveitarfélögum og ekki fengið nein svör um það hve margir megi koma hingað, hvenær og hvernig. Nú er fólk búið að fá nóg og vill gera eitthvað.“

**746** nýir sjálfboðaliðar höfðu skráð sig hjá Rauða krossi Íslands í gærkvöld.

Eygló segir umræður síðustu daga hafa haft áhrif, ekki síst umrædda Facebook-síðu. „Engin spurning, þetta hefur haft áhrif.“

Eygló átti fund með Rauða krossinum og formanni flóttamannanefndar í gær þar sem farið var yfir málin. „Umsóknir um að starfa sem sjálfboðaliðar hafa streymt inn hjá Rauða krossinum og ég hef fengið fjölda tilboða frá fólki sem vill hjálpa á Facebook-síðunni, í skilaboðum beint til mín og svo hafa símtöl og tölvupóstar borist ráðuneytinu,“ segir Eygló og bætir við að á fundinum hafi verið farið vel yfir stöðu mála.



Bryndís Björgvinsdóttir

„Við förum yfir það hvað nákvæmlega væri hægt að gera, bæði hér heima og svo hvað væri hægt að gera til þess að hjálpa erlendis. Við erum nú þegar búin að hafa samband við flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna en það tekur ákveðinn tíma fyrir stofnunina að bregðast við og undirbúa flutning fólks til landsins.“

Eygló segir að eitt fyrsta verkefnið verði að hafa samband við sveitarfélög landsins og kanna hvað þau eru tilbúin að gera. „Eina sveitarfélagið sem hefur sent okkur formlegt erindi er Akureyrarbær. Næsta skref er því að hafa samband við öll hin sveitarfélögin.“ - ngy

# Polo. Gerir gæðamuninn.



ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR ÞANN GAMLA

**UPPFÆRSLUBÓNUS**
VOLKSWAGEN
**+80.000 kr.**





**VW Polo Trend & Style:**
**2.690.000 kr.**
**Sjálfskiptur: 2.990.000 kr.**

## Volkswagen Polo. Fyrir alla muni.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn.

**Staðalbúnaður í Trend & Style**

- Hiti í framsætum
- Hraðastillir
- Leðurklætt aðgerðarstýri
- Litaskjár í mælaborði
- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Skyggðar rúður
- 15" Estrada Álfelgur
- Start/Stop búnaður
- Halogen aðalljós
- Bluetooth búnaður fyrir síma og afspilun
- Stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Composition Touch útvarp m/4 hátölurum

**Das Auto.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## Öllum sagt upp hjá Þórsbergi á Tálknafirði

**ATVINNULÍF** „Þetta er reiðarslag fyrir samfélög þegar svona gerist,“ segir Indriði Indriðason, sveitarstjóri Tálknafjarðar. Öllum 26 starfsmönnum sjávarútvegsfyrirtækisins Þórsbergs á Tálknafirði hefur verið sagt upp.

„Við erum að funda með stjórnarmönnum Þórsbergs og sjá til hvernig þetta verður. Við þurfum að sjá nákvæmlega hversu margar stöður þetta eru og hvernig áhrif þetta gæti komið til með að hafa á sveitarfélagið og rekstur þess og hvernig aðstoða megi það fólk sem lendir í þessu.“

Indriði segir að starfsemi Þórsbergs hafi bein eða óbein áhrif á rúmlega 80 prósent bæjarbúa Tálknafjarðar. „Það er ekki hægt að yfirfæra þetta á höfuðborgarsvæðið því að það er ekkert fyrirtæki sem er þar með álíka áhrif og hér,“ segir hann.

„Það eru þó önnur atvinnutækifæri sem bjóðast fólki hér,“ segir Indriði. Hann bætir því við að þrátt fyrir þessar agalegu fregnir hafi mikil uppbygging átt sér stað á Tálknafirði og í Vesturbyggð í tengslum við fiskeldi. Þar séu tækifæri. **- srs**

> Það er ekki hægt að yfirfæra þetta á höfuðborgarsvæðið því að það er ekkert fyrirtæki sem er þar með álíka áhrif og hér.



Indriði Indriðason, sveitarstjóri Tálknafjarðar.

## Þúsundir hafa yfirgefið heimili sín



**Skógareldar á Spáni** Slökkviliðsmenn í Cualedro á sunnanverðum Spáni berjast við skógarelda sem hafa geisað á svæðinu. Eldurinn hefur étið upp tvö þúsund hektara af landsvæði. Fleiri skógar á Spáni hafa orðið eldinum að bráð, meðal annars á Kanaríeyjum og nærri Marbella á Spáni. Fréttablaðið/EPA

# 70% leigjenda ná ekki endum saman

**Nær helmingur ráðstöfunartekna leigjenda á höfuðborgarsvæðinu fer í húsaleigu samkvæmt opinni netkönnun. Fjármálaráðgjafi segir niðurstöðurnar ríma við reynslu hans í starfi. Lögmaður Neytendastofu segir erfitt að kanna ástand á leigumarkaði vegna eftirlitsskorts.**

**VELFERÐARMÁL** Samkvæmt opinni og órekjanlegri könnun á meðal leigjenda á höfuðborgarsvæðinu á mikill meirihluti þeirra erfitt með að ná endum saman hver mánaðamót.

Spurt var hvort viðkomandi ætti auðvelt með að ná endum saman. Ríflega helmingur, eða 54%, svaraði spurningunni neitandi og 15% sögðu sjaldan. Einungis 35 af 345 sögðust eiga auðvelt með að ná endum saman.

Alls 500 leigjendur svöruðu netkönnuninni um leiguverð, ráðstöfunartekjur, fjölskyldustærð, húsaleigubætur og fjárhagsstöðu. Svör 345 leigjenda voru tekin gild og samkvæmt þeim fara að meðaltali 45% af ráðstöfunartekjum allra heimilismanna í leigu en 38% ef tekið er tillit til húsaleigubóta.



**Haukur Hilmarsson, fjármálaráðgjafi**

Haukur Hilmarsson, ráðgjafi í fjármálahegðun, gerði könnunina á síðunni skuldlaus.is. Þar sem könnunin er opin eru tölur ekki sannreyndar. Hann segir þó að í heildina litið gefi könnunin ákveðna mynd og rími við reynslu hans í starfi.

„Ég hef mælt með því við fólk sem ég veiti ráðgjöf að halda húsnæðiskostnaði undir 35% af ráðstöfunartekjum. Svo fann ég að það voru óraunhæfar kröfur og ákvað að gera þessa könnun. Niðurstöðurnar eru góð vísbending um raunveruleikann að mínu mati,“ segir Haukur, sem hefur í starfi sínu margoft orðið vitni að því að fólk borgi yfir helming af tekjum sínum í húsnæðiskostnað.

> 10% þeirra sem svöruðu könnuninni borga yfir 60% af ráðstöfunartekjum sínum í húsaleigu.

Neytendastofa hefur einnig gert órekjanlegar netkannanir. Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendastofu, segir erfitt að kortleggja leigumarkaðinn því það skorti skráningu, sem sé einnig forsenda eftirlits.

„Það er mikilvægt að auka eftirlit til að vita hvað raunverulegt leiguverð er. Við vitum ekki einu sinni hvað það eru margir á leigumarkaði, hvaða eignir eru í leigu eða hverjir eru leigusalar. Þar af leiðandi hefur verið erfitt að gera kannanir sem við getum treyst á að gefi raunsanna mynd,“ segir Hildigunnur.

**erlabjorg@frettabladid.is**

> Við vitum ekki einu sinni hvað það eru margir á leigumarkaði, hvaða eignir eru í leigu eða hverjir eru leigusalar.



Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur hjá Neytendastofu

**Átt þú auðvelt með að ná endum saman um hver mánaðamót?**





LYFJA
- Lifið heil

15%
afsláttur
Gildir til
30. september 2015

Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí

15% afsláttur af öllum bragðtegundum af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg




www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

# GÓLFEFNADAGAR







Comfort line plastparket, dökk eik

1215x194x8,3 mm ~~1.655~~ kr. m²

**1.324**




Fösuð eik, natur og dökk

~~1.790~~ kr. m² **1.432**




2mm undirlag 16,5m² kr

~~2.890~~

**2.312**

LAMIWOOD®

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði

Lægra verð

MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

IDO hreinlætistæki!



Ido Trevi vegghengt með setu 20.990

Ido Seven D með setu 49.990 (frá Finnlandi)

Ido Seven D vegghengt m.hæglokandi setu 75.990

Klettháls 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is



Til átaka kom fyrir utan þinghúsið í Kíev í gær eftir að fyrstu umræðu lauk með yfirgnæfandi samþykki. NordicPhotos/AFP

# Einn lést í mótmælum

**Óeirðir brutust út í Kíev þegar þingið afgreiddi umdeilt frumarp um aukið sjálfstæði fyrir austurhéruðin. Að minnst kosti einn lét lífið og tugir særðust.**

**ÚKRAÍNA** Til óeirða kom fyrir utan þinghúsið í Kíev þegar þingið afgreiddi frumvarp um aukið sjálfstæði til handa héruðum uppreisnarmanna í austurhluta Úkraínu.

Að minnsta kosti einn þjóðvarðliði lét lífið og meira en hundrað manns særðust.

Róttækir þjóðernissinnar höfðu safnast saman til að mótmæla ákvörðun þingsins, þar á meðal stuðningsmenn Svoboda-flokksins sem áttu á síðasta ári aðild að ríkisstjórn landsins frá febrúar fram í nóvember.

Stjórnarskrárbreytingar, sem meðal annars fela í sér aukið sjálfstæði uppreisnarhéraðanna, voru eitt af þeim skilyrðum sem Úkraínustjórn féllst á þegar samið var við uppreisnarmenn um vopnahlé síðasta vetur.

Breytingarnar hafa ekki endanlega verið afgreiddar, heldur lauk í gær fyrstu umræðu um frumvarp stjórnarinnar. Alls samþykktu 265 af 450 þingmönnum frumvarpið eftir fyrstu umræðu. **gudsteinn@frettabladid.is**



Með fróðleik í fararnesti

## Sveppasöfnun í Heiðmörk miðvikudaginn 2. september kl. 17

**Gísli Már Gíslason**, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, leiðbeinir um hvernig þekkja má matsveppi og kennir aðferðir við að geyma þá og matreiða í fjörugri sveppagönguferð um Heiðmörk. Ferðin tekur um tvær til þrjár klukkustundir og er farin í samstarfi við Ferðafélag barnanna.

**Mæting kl. 17 á einkabílum að Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.** Áður en lagt verður af stað upp í Heiðmörk verður hálftíma fræðsla í Öskju.

**Allar nánari upplýsingar á hi.is**

Ferðin er liður í samstarfi Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands um göngu- og hjólaferðir undir yfirskriftinni „Með fróðleik í fararnesti“.

**Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.**

Valitor er stuðningsaðili Ferðafélags Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 154009



Árlega eru framleidd um 10 þúsund tonn af lambakjöti á Íslandi. Nú eru um átján hundruð tonn eftir. Þórarinn Ingi Pétursson segir magnið nú minna en í fyrra.

# Tæp tvö þúsund tonn af lambakjöti til frá í fyrra

**LANDBÚNAÐUR** Um eitt þúsund og átta hundruð tonn af lambakjöti voru enn til í sláturhúsum landsins af sláturtíð síðasta hausts þann 1. ágúst síðastliðinn. Nú fer að líða að því að sláturtíð hefjist á þessu ári og er líklegt að slátrað verði um 10 þúsund tonnum þetta haustið.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir þetta magn ekki mikið. „Við erum að selja um 500 tonn á mánuði svo þetta er ekki svo mikið magn af kjöti sem eftir er frá sláturtíð í fyrra,“ segir Þórarinn. „Bendi ég á að hér fyrir nokkrum árum áttum við um eitt þúsund tonn eftir þegar sláturtíð hófst og þá töluðu menn um kjötskort í landinu.“

Sauðfjárstofninn á Íslandi hefur verið að stækka síðustu ár eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki árið 2005. Hér á landi eru rétt tæplega 500 þúsund kindur og um 550 þúsund dilkum er slátrað á hverju ári.

„Það að við séum með tæplega tvö þúsund tonn af óseldu lambakjöti í frystigeymslum frá því fyrir rétt tæpu ári sýnir að markaðsforsendur eru ekki fyrir hendi í greininni. Verðið ætti því að bregðast við með réttum hætti og lækka verð til neytenda. Markaðurinn er ekki í þessum geira að bregðast við með réttum hætti gagnvart offramboði eða vanframboði," segir Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði.



Þórólfur Matthíasson, prófessor



Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda

Þórarinn Ingi bendir á að verð til bænda hafi lækkað frá því í fyrra og segir hann marga sauðfjárbændur skoða hvort grundvöllur sé til staðar til að halda áfram framleiðslu. „Ég veit um þó nokkra bændur sem ætla sér að hætta í haust og aðra sem eru að skoða þetta. Afurðaverð til bænda stóð í stað milli ára. Á meðan allt annað hækkar í framleiðslunni þá fáum við sömu krónutöluna fyrir gripinn,“ segir Þórarinn og spáir því að lömbin verði minni í ár en í fyrra. „Ég gæti trúað því að í þessari sláturtíð verði fallþungi dilka í slæmu meðalári. Ótíð í vor og sumar hefur þar hönd í bagga.“ - sa

# HÖRKUTILBOÐ

## 31. ÁGÚST TIL 4. SEPTEMBER

DEWALT
- á heima hjá Sindra -

DCD790D2
### 18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,55 kg
Gírar: 2
LED ljós

Verð með uppítöku
**35.142** m/vsk.
Fullt verð 47.142

Tökum eldri borvélar upp í fyrir 12.000,-

DCD790P2
### ÖFLUG 18V KOLALAUS HLEÐSLUBORVÉL
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*5,0 Ah Li-Ion
Hersla: 60 Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
LED ljós

Verð með uppítöku
**54.365** m/vsk.
Fullt verð 66.365

Tökum eldri borvélar upp í fyrir 12.000,-

DCG412N
### SLÍPIROKKUR 18V XR 125 MM
Fyrir 125 mm skífur
Afl: 405W
Snúningshraði: 7.000 sn./mín.
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu

Tilboðsverð
**27.900** m/vsk.
Fullt verð 33.957

DCS355N
### 18V FJÖLNOTA SÖG
Afl: 300W
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hraði: 0–20.000 OPM
Þyngd: 1,06 kg
Flýtilosun á blaði
Lengd: 310 mm

Tilboðsverð
**34.900** m/vsk.
Fullt verð 45.505

DCF880N
### ÖFLUG 18V HERSLUVÉL ½
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Bitahaldari: ½"
Hersla: 203 Nm
Afl: 250W
Snúningshraði: 0–2.300 sn./mín.

Tilboðsverð
**34.900** m/vsk.
Fullt verð 41.425

DCF886N
### 18V HERSLUVÉL
Öflug 18V kolalaus hersluvél
Bitahaldari: ¼"
Rafhlaða: kemur án rafhlöðu
Hersla: 165 Nm
Hraði: 0–2.800 sn./mín.
LED ljós

Tilboðsverð
**34.900** m/vsk.
Fullt verð 45.430

D28135
### SLÍPIROKKUR
Afl: 1400W
Skífur: 125 mm
Snúningshraði: 10.000 sn./mín.
Þyngd: 2,5 kg

Tilboðsverð
**19.900** m/vsk.
Fullt verð 21.593

DWE4151
### SLÍPIROKKUR
Afl: 900W
Skífur: 125 mm
Snúningshraði: 11.800 sn./mín.
Þyngd: 2,05 kg

Tilboðsverð
**13.900** m/vsk.
Fullt verð 16.922

DCK211D2T
### BORVÉL HERSLUVÉL 10.8V
Borvél
Hersluvél
Rafhlaða: 2*2,0 Ah
Hleðslutæki
Vönduð TSTAK taska

Tilboðsverð
**45.900** m/vsk.
Fullt verð 60.115

DCS355D2
### 18V FJÖLNOTA SÖG OG JUÐARI
Rafhlaða 2*2 Ah Li-Ion
Hraði: 0–20.000 OPM
Fjöldi aukahluta
Flýtilosun á blaði
Vönduð TSTAK taska

Tilboðsverð
**57.900** m/vsk.
Fullt verð 76.316

PIPAR\TBWA • SÍA • 153952

**NÝ VERSLUN**
Skútuvogi 1, Reykjavík

**www.sindri.is / sími 575 0000**
Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

Landsvirkjun

50 Samtal á afmælisári




Stórum framkvæmdum fylgir óhjákvæmilegt rask þar sem sjónræn áhrif geta orðið umtalsverð. Landsvirkjun býður í samstarfi við Félag íslenskra landslags-arkitekta til opins fundar um hvernig skapa má jafnvægi milli landslags, land-mótunar og orkunýtingar.

**Fimmtudagur 3. september kl. 13:30–16:30**
**Hilton Reykjavík Nordica**



**Áhrif mannsins á landslag**
**Stefán Pálsson** sagnfræðingur.

**Vatnsafl og arkitektúr**
**Steinþór Kári Kárason**, arkitekt FAÍ og prófessor við Listaháskóla Íslands.

**Eru virkjanamannvirki afturkræf?**
**Rut Kristinsdóttir**, sviðsstjóri umhverfismats Skipulagsstofnunar, og **Ólafur Páll Jónsson** heimspekingur.

**Sjónræn áhrif við aðlögun framkvæmda að landslagi – hvað þýðir það?**
**Helena Guttormsdóttir**, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, og **Áslaug Traustadóttir**, landslagsarkitekt FÍLA, Landmótun.

**Hönnun á orkuvinnslusvæðum**
**Gavin Lister**, landslagsarkitekt frá Nýja Sjálandi og stofnandi Isthmus, landslagsarkitektastofu. Erindið verður flutt á ensku.

**Pallborð og umræður**

**Samantekt**
**Björk Guðmundsdóttir**, landslagsarkitekt FÍLA, Landsvirkjun, og **Hermann Georg Gunnlaugsson**, formaður Félags íslenskra landslagsarkitekta.

Fundarstjóri er **Ragna Árnadóttir**, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar.

**Skráning á fundinn og bein útsending á landsvirkjun.is**

**Allir velkomnir!**

*Í tilefni af 50 ára afmæli stendur Landsvirkjun fyrir samtali við þjóðina með opnum fundum.*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




**Samsteypustjórn fjögurra hægri- og miðjuflokka er nú við stjórn í Færeyjum.** Mynd/Hólmfríður Helga Sigurðardóttir

# Færeyingar kjósa til þings

## Misvísandi skoðanakannanir segja ýmist Jafnaðarflokkinn eða Fólkaflokkinn bera sigur úr býtum. Kaj Leo Johannessen vill þriðja kjörtímabilið.

**FÆREYJAR** Nokkur spenna ríkir um úrslit lögþingskosninganna í Færeyjum, sem haldnar verða í dag. Tvær skoðanakannanir, sem báðar birtust í gær, eru harla misvísandi.

Gallup spáir Jafnaðarflokknum öruggum sigri og þar með falli stjórnar hægri- og miðjuflokkanna, en Fynd spáir því að Fólkaflokkurinn, sem er einn stjórnarflokkanna, verði stærstur.

Ekki yrði munurinn þó mikill. Fjórum flokkum er öllum spáð í kringum 20 prósent atkvæða, þannig að Kaj Leo Johannessen lögmaður, sem er leiðtogi Sambandsflokksins, gæti enn átt möguleika á að halda velli.

Núverandi samsteypustjórn fjögurra hægri- og miðjuflokka hefur haft 20 manna öruggan meirihluta á hinu 33 manna Lögþingi Færeyja.

Sambandsflokkurinn og Fólkaflokkurinn hafa stjórnað með tilstilli tveggja minni flokka, Miðflokksins og Framsóknar.

Kaj Leo hefur verið lögmaður síðan 2008, eða í tvö kjörtímabil samfleytt, en sigur hans í þingkosningunum árið 2011 markaði merkileg tímamót í Færeyjum því hann styrkti stöðu sína. Það hafði ekki gerst frá árinu 1948 að lögmaður og flokkur hans


**Kaj Leo Johannessen lögmaður gerir sér vonir um að stjórnarmeirihlutinn haldi velli, þrátt fyrir misvísandi skoðanakannanir.** Mynd/Norden.org

bættu við sig fylgi í kosningum eftir að hafa setið í eitt kjörtímabil.

Sjálfur er Kaj Leo skipstjóri og var lengi vel þekktur knattspyrnumaður sem lék með færeyska landsliðinu.

Hann stærir sig af því að hafa leitt Færeyjar út úr langvarandi krepputíð og úthýst atvinnuleysi að verulegu leyti.

„Fyrir bara fáum árum var kreppa," sagði hann í ræðu sinni á Ólafsvöku nú í sumar. „En nú hefur gæfan snúist okkur í hag.“ **gudsteinn@frettabladid.is**

## Niðurstöður síðustu kannana

**Sambandsflokkurinn** – KAJ LEO JOHANNESEN

| | % | Þingmenn |
|---|---|---|
| Kosningar 2011 | 22,5% | 8 |
| Skoðanakönnun Fynd* | 19,2% | 6 |
| Skoðanakönnun Gallup | 19% | 6 |

**Jafnaðarflokkurinn** – AKSEL V. JOHANNESEN

| | % | Þingmenn |
|---|---|---|
| Kosningar 2011 | 17,7% | 6 |
| Skoðanakönnun | 19,3% | 6 |
| Skoðanakönnun Gallup | 22,9% | 8 |

**Þjóðveldi** – HØGNI HOYDAL

| | % | Þingmenn |
|---|---|---|
| Kosningar 2011 | 18,3% | 6 |
| Skoðanakönnun Fynd | 16,5% | 5 |
| Skoðanakönnun Gallup | 19,3% | 6 |

**Fólkaflokkurinn** – JØRGEN NICLASEN

| | % | Þingmenn |
|---|---|---|
| Kosningar 2011 | 24,7% | 8 |
| Skoðanakönnun Fynd | 20,4% | 7 |
| Skoðanakönnun Gallup | 18,2% | 6 |

**Miðflokkurinn** – JENIS AV RANA

| | % | Þingmenn |
|---|---|---|
| Kosningar 2011 | 6,2% | 2 |
| Skoðanakönnun Fynd | 6,7% | 2 |
| Skoðanakönnun Gallup | 6,8% | 2 |

**Nýtt Sjálfstýri** – JÓGVAN SKORHEIM

| | % | Þingmenn |
|---|---|---|
| Kosningar 2011 | 4,2%, | 1 |
| Skoðanakönnun Fynd | 5,9% | 2 |
| Skoðanakönnun Gallup | 3,1% | 1 |

**Framsókn** – POUL MICHELSEN

| | % | Þingmenn |
|---|---|---|
| Kosningar 2011 | 6,3% | 2 |
| Skoðanakönnun Fynd | 11,2% | 4 |
| Skoðanakönnun Gallup | 10,6% | 4 |

> Fyrir bara fáum árum var kreppa. En nú hefur gæfan snúist okkur í hag.
>
> Kai Leo Johannessen

Rástefna á Grand Hotel Reykjavík

# Sköpun Skiptir Sköpum



Fram koma

**Bryndís Snæbjörnsdóttir**
formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

**Elísabet Jökulsdóttir**
rithöfundur

**Ellen Calmon**
formaður Öryrkjabandalags Íslands

**Elsa G. Björnsdóttir**
kvikmyndagerðarkona

**Eva Þórdís Ebenezersdóttir**
þjóðfræðingur og verkefnisstjóri hjá Rannsóknasetri í fötlunarfræðum

**Fríða Björk Ingvarsdóttir**
rektor Listaháskóla Íslands

**Dr. Hanna Björg Sigurjónsdóttir**
dósent á félagsvísindasviði HÍ

**Hrönn Sveinsdóttir**
framkvæmdastjóri Bíó Paradís

**Íva Marín Adriche**
söngkona

**Josh Blue**
uppistandari

**Kolbrún Dögg**
fötlunar- og gjörningalistakona

**Kristinn Harðarson**
myndlistamaður

**Kristín Björnsdóttir**
dósent á menntavísindasviði HÍ

**Logi Bjarnason**
myndlistamaður

**Marta Nordal**
leikkona, leikstjóri og forseti Sviðslistasambands Íslands

**Ragna Sigurðardóttir**
rithöfundur og MA í myndlist

**Steinunn Ása Þorvaldsdóttir**
starfsmaður Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur

**Valur Geislaskáld**

## Virkjum þátttöku fatlaðs fólks í menningu og listum

www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com
www.skopunskiptirskopum.com



## Aðgangur ókeypis

## 04.09. 2015

## kl. 09.30 – 17.30

Á ráðstefnunni verður sjónum beint að aðgengi fatlaðs fólks að menningu og listum bæði sem neytendur og listamenn. Fyrirlesarar munu koma bæði úr fræða- og listaheiminum og raddir fatlaðs listafólks munu hljóma í gegnum listsköpun.

Ilmur Kristjánsdóttir leikkona og formaður velferðarráðs Reykjavíkur verður ráðstefnu-stjóri og mun stjórna umræðum ásamt Steinunni Ásu Þorvalds-dóttur sem er landskunn úr þáttunum *Með okkar augum.*

Þess má geta að uppistandarinn Josh Blue flytur erindi enda er fötlunarhúmor mikilvægt tæki til gagnrýni og sköpunar, en hann verður með uppistand í Háskólabíói á föstudagskvöld.

Nánari upplýsingar um dagskrána og skráningu má finna á skopunskiptirskopum.com

ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS
ÞROSKAHJÁLP

# Betur má ef duga skal



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Enn ein Facebook-byltingin er að eiga sér stað um þessar mundir. Yfir 700 sjálfboðaliðaumsóknir hafa borist til Rauða krossins og yfir tíu þúsund hafa boðið fram húsaskjól, matvæli, félagsskap og kærleik á Facebook-síðunni „Kæra Eygló Harðar – Sýrland kallar“, þar sem almenningur sýnir vilja sinn til að taka á móti mun fleiri flóttamönnum frá Sýrlandi en áætlað er. Þá hafa tæplega níu þúsund skrifað undir áskorun til stjórnvalda, einnig á Facebook, um að taka á móti 5.000 flóttamönnum, hundraðfalt fleirum en ráðgert er. Stjórnvöld tilkynntu í lok júlí að ákveðið hefði verið að taka á móti 50 flóttamönnum á tveimur árum til að létta á straumi flóttamanna til Grikklands og Ítalíu. Áður en borgarastyrjöldin hófst í Sýrlandi fyrir tæplega fjórum og hálfu ári bjuggu 20 milljónir manna í landinu. Síðan hafa tólf milljónir yfirgefið heimili sín. Um sex þúsund flóttamenn hafa drukknað í Miðjarðarhafi frá janúar 2014 til júní 2015. Eftir margra mánaða stanslausan fréttaflutning af ástandinu fyrir botni Miðjarðarhafs, þúsundir ótímabærra dauðsfalla flóttafólks og hörmulegar aðstæður í flóttamannabúðum er eins og að stífla hafi sprungið og almenningur fengið nóg. Eitthvað þurfi að gera. Sláandi myndir sem birst hafa á degi hverjum af börnum sem fullorðnum, ýmist lifandi eða látnum, hafa hreyft við fólki.

Ráðamenn hafa undanfarna daga lýst yfir sömu áhyggjum og netverjar. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í samtali við Stöð 2 um helgina að Ísland þyrfti að rétta fram hjálparhönd í þeirri neyð sem flóttamenn búa við. Hann sagðist fylgjandi því að Íslendingar gerðu meira en ráðgert hefði verið. Sú varfærna stefna sem stjórnvöld hefðu fylgt í þessum málum ætti ekki við í því ástandi sem er uppi. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði flóttamannavandann eitt stærsta úrlausnarefni samtímans, enda að umfangi meira en menn hefðu séð frá seinni heimsstyrjöld. Hann hefur sett á laggirnar sérstaka ráðherranefnd til að fylgjast með gangi mála og meta með hvaða hætti Íslendingar geti lagt mest af mörkum til að bregðast við ástandinu. Eygló Harðardóttir velferðarráðherra hefur talað á sömu nótum.

**Einangrunarhyggja, hræðsla og minnimáttarkennd eru aldrei merki þess að land sé fullgildur meðlimur í samfélagi þjóðanna.**

Þrátt fyrir afskekkta legu og smæð þá megum við aldrei hugsa eða haga okkur eins og það sem gerist annars staðar í heiminum komi okkur ekki við. Einangrunarhyggja, hræðsla og minnimáttarkennd eru aldrei merki þess að land sé fullgildur meðlimur í samfélagi þjóðanna. Það er því afskaplega jákvætt að ráðamenn hafi rankað við sér og áttað sig á að 50 flóttamenn, í ljósi umfangs vandans, er óboðlegt í okkar mikla velmegunarþjóðfélagi.

Við getum tekið á móti miklu fleiri flóttamönnum og ef rétt er haldið á spöðunum – með hjálp þeirra þúsunda sem hafa sýnt málinu stuðning á samfélagsmiðlunum – tryggt að þeir séu boðnir innilega velkomnir, þeim sé hjálpað að aðlagast íslensku samfélagi sem þannig yrði auðgað til framtíðar.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Nýjasti Íslendingurinn**
Auðvitað verður þessi dálkur að taka fyrir hamaganginn í tengslum við nýjasta ríkisborgarann, IceHot1. Allt ætlaði bókstaflega um koll að keyra á Twitter við fréttaflutning af skráningu Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra á framhjáhaldssíðuna Ashley Madison. Að sögn Þóru Margrétar Baldvinsdóttur, eiginkonu Bjarna, skoðuðu þau síðuna einungis af forvitni og léttúð.

**Ósmekklegir fjölmiðlar**
Á sama tíma og margir gera sér léttúðugan mat úr IceHot1 og gantast með málið eru aðrir sem óskapast yfir fréttaumfjölluninni í tengslum við það. Íslendingar hafa ekki tekið einkamálum opinberra einstaklinga alvarlega og reiðast gjarnan fjölmiðlum þegar þau koma upp á yfirborðið.

**Afleikur að þegja**
The Guardian greindi frá því í síðustu viku að öryggissérfræðingur mælti með því að fyrirtæki könnuðu hvort starfsmenn þeirra væru á Ashley Madison til að tryggja að óprúttnir aðilar gætu ekki kúgað út úr þeim fé. Þetta hlýtur að eiga við um allar opinberar persónur. Sama þótt okkur blöskri það þá geta viðkvæm einkamál valdhafa varðað trausta stöðu þeirra og heilindi í embætti og jafnvel þjóðaröryggi. Ef til eru slíkar upplýsingar sem ógnað gætu heilindum valdamanna væri það ekki afleikur ef fjölmiðlar fjölluðu ekki um það?
stefanrafn@frettabladid.is

# 80.000 börn á Íslandi á flótta



Sigríður Víðis Jónsdóttir
upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Þegar ég kom heim frá Sýrlandi eftir þriggja mánaða dvöl sem ferðamaður hvatti ég alla til að heimsækja landið. Þar væri ótrúlega margt að sjá, sagan á hverju strái og gestrisnin einstök. Auðvitað var tjáningarfrelsi lítið sem ekkert. Öll andspyrna kæfð í fæðingu. En það Sýrland sem ég sá var samt friðsælt og fallegt land þar sem milljónir manna áttu líf eins og ég og þú.

Síðan kom arabíska vorið og forsetinn mætti mótmælendum með gríðarlegri hörku. Átök brutust út sem urðu að blóðugu stríði. Afleiðingarnar eru skelfilegar: Nærri tólf milljónir manna hafa endað á flótta – meira en hálf sýrlenska þjóðin. Ég skrifa þetta aftur því þetta er svo ótrúlegt: Helmingur landsmanna hefur flúið að heiman. Þetta er eins og ef tæplega 165.000 Íslendingar væru á flótta. Af þeim væru rúmlega 80.000 börn.

**Skrýtinn heimur**
Ég viðurkenni fúslega að ég hef oft grátið yfir skelfingunni í Sýrlandi. Yfir eigin vanmætti. Af hverju er þetta bilaða stríð enn í gangi? Og hvernig má vera að Evrópa loki landamærum sínum svona kirfilega fyrir flóttafólki? Ekki bara frá Sýrlandi, heldur flóttafólki almennt. Hvaða fáránlega heimi búum við í þar sem drukknuð börn mara í hálfu kafi undan ströndum ríkja sem vilja ekki vita af þeim?

**Hvaða fáránlega heimi búum við í þar sem drukknuð börn mara í hálfu kafi undan ströndum ríkja sem vilja ekki vita af þeim?**

Ég viðurkenni líka að mitt í vanmættinum hef ég oft verið þakklát fyrir að verða þó vitni að einum umfangsmestu neyðaraðgerðum sem UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, hefur nokkru sinni ráðist í. Þær eiga sér stað núna í Sýrlandi og öllum nágrannaríkjunum. Ég fylltist líka þakklæti þegar ég sá í gær og um helgina hversu margir voru tilbúnir að leggja fram sína hjálp svo hingað mættu koma fleiri flóttamenn en ella.

Það er nefnilega hægt að gera svo margt. Sumt er flókið, annað sáraeinfalt. Með því að senda sms-ið UNICEF í númerið 1900 gefur þú 1.900 krónur sem fara í að hjálpa börnum frá Sýrlandi í sárri neyð.

Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



NordicHhotos/Getty

# Tillögur Pírata í sjávarútvegsmálum



**Lýður Árnason**
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Nýútkomnar tillögur Pírata í sjávarútvegsmálum eru fagnaðarefni öllum þeim sem trúa á frjálsan markaðsbúskap en vilja jafnframt tryggja yfirráð þjóðarinnar yfir eigin auðlindum. Þessar tillögur eru í takti við auðlindaákvæði stjórnlagaráðs, sem aftekur allan vafa á forræði sjávarauðlindarinnar og að hún skuli nýtt á jafnræðisgrundvelli okkar allra. Í tillögum sínum gera Píratar ráð fyrir að bjóða upp allar aflaheimildir til leigu á opnum markaði og skal leigugjaldið renna í ríkissjóð. Í dag er leiguverð á fiski ákveðið einhliða á lokuðum markaði sem stórútgerðir og bankar stjórna og greiða leigutakar í leigu fjóra af hverjum fimm fiskum sem þeir veiða. Af því rennur einn sporður til ríkisins, afgangurinn fer til stórútgerða og banka. Væntanlega fagna þessir aðilar ekki tillögum Pírata en er það aðalmálið til lengri tíma litið?

### Er hætta á samráði?

Uppboð veiðiheimilda fyrir alla Íslendinga vekur upp margar spurningar. Er þetta einungis fyrir þá efnameiri? Ef gjaldið fyrir veiðileyfið yrði innheimt um leið og aflanum yrði landað þarf enginn að hafa áhyggjur af fyrirframgreiðslu og bankaláni, sem þýðir að efnaminni veiðiklær geta líka verið með.

Er hætta á samráði? Samráðshætta er ætíð fyrir hendi, olíufélögin eru augljóst dæmi. En þau eru aðeins fjögur. Erfitt er að sjá slíkt fyrir sér ef þau væru 40, hvað þá 400. Þetta er því frekar langsótt.

Safnast veiðileyfin á eitt landshorn? Án varnaraðgerða jú, en með sérstakri útfærslu uppboða sem tryggir landshlutum ákveðið hlutfall veiðileyfa halda allir sínu.

Er hætta á að fáir aðilar yfirbjóði alla hina og veiðileyfin safnist þannig á fárra hendur? Yfirboðshætta er vissulega til staðar en því til varnar er hægt að setja þak á veiðileyfamagn sömu útgerðar, útfæra uppboðin eftir útgerðarflokkum og hafa uppboðsmarkaðinn „lifandi“ sem þýðir að í staðinn fyrir að bjóða ársskammtinn allan út á einu bretti væri hægt að gera það í smærri skömmtum og til mismunandi langs tíma, allt eftir hentisemi hvers og eins. Þetta myndi vinna mjög á móti samþjöppun veiðileyfa og þegar við bætist að leigutakar þurfa að veiða sjálfir sinn skammt er ávinningurinn af því að „safna“ veiðileyfum enginn.

### Að rjúfa fyrirsjáanleikann

Veldur þetta óvissu og litlum fyrirsjáanleika? Almennt uppboð á almannagæðum eins og veiðileyfum er ekki bara leið til að samhæfa verðlagningu veiðileyfa almennum markaðslögmálum heldur líka mannréttindamál. Tilgangurinn með því að bjóða upp aflaheimildir á opnum markaði er einmitt sá *að rjúfa þann fyrirsjáanleika sem ríkt hefur í sjávarútvegi og fáir njóta.* Almennt uppboð mun þannig færa sjávarútveginn nær öðrum atvinnugreinum og hann þarf að sæta sömu óvissu og almennt gerist á frjálsum markaði. Þetta hefur hingað til einmitt talist hvati atvinnulífsins og hvers vegna ætti annað að gilda um sjávarútveg?

Veldur þetta hruni atvinnugreinarinnar? Allt fram á þennan dag hafa þeir sem njóta forgengis á veiðileyfum (kvóta) barmað sér yfir kerfisbreytingum og sagt þær ganga af sjávarútvegi dauðum. Sé litið á hagnað stórútgerðarinnar getur hver dæmt fyrir sig. Vert er að benda á að verðmætin sjálf, fiskurinn í sjónum, munu ekki hverfa úr netum landsmanna þótt kerfisbreytingar verði í landi. Þetta er því ekki spurning um hvort fiskurinn verði veiddur heldur af hverjum. Ég hvet útgerðarmenn til að þakka fyrir áralangt forgengi að fiskimiðunum og lýsa sig reiðubúna að taka þátt í almennu markaðstorgi aflaheimilda ásamt öðrum landsmönnum. Pírötum óska ég velfarnaðar í að fylgja tillögum sínum eftir.

**Allt fram á þennan dag hafa þeir sem njóta forgengis á veiðileyfum (kvóta) barmað sér yfir kerfisbreytingum og sagt þær ganga af sjávarútvegi dauðum. Sé litið á hagnað stórútgerðarinnar getur hver dæmt fyrir sig.**

Síminn

# Hluthafafundur Símans

Stjórn Símans hf. boðar til hluthafafundar félagsins á Hilton Reykjavík Nordica þann 8. september 2015 og hefst hann stundvíslega kl. 15.00.

## Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

**1. Tillaga um samþykkt kauprétttaráætlunar og heimild stjórnar til þess að gefa út nýtt hlutafé**

Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund, sem haldinn er þann 8. september 2015, að drög að kaupréttaráætlun verði samþykkt. Kaupréttaráætlunin byggir á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélaga. Drög kaupréttaráætlunar liggja fyrir fundinum og skulu vera hluti tillögu þessarar.

Samhliða er lögð fram tillaga um heimild stjórnar til þess að gefa út nýtt hlutafé, allt að kr. 850.000.000 að nafnverði til að uppfylla skyldur sem félagið kann að takast á hendur með gerð kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélaga. Kaupréttarsamningar munu byggja á kaupréttaráætlun sem gerð hefur verið á grundvelli 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

**2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins**

Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund félagsins tillögu að breytingum á samþykktum félagsins. Stjórnin leggur til í ljósi fyrirhugaðrar skráningar hlutabréfa félagsins í Kauphöll að gerðar verði breytingar á samþykktum félagsins til samræmis við ákvæði hlutafélagalaga um hlutafélög með skráð hlutabréf. Þá eru tillögur um breytingar á samþykktum í samræmi við ályktun hluthafafundar Símans 16. apríl sl.

**Helstu breytingar samkvæmt 2. tillögu á dagskrá hluthafafundar:**

- Mælt fyrir að hlutabréf félagsins skuli vera gefin út rafrænt og um eigendaskipti fari eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu. Einnig staðfest að hver hlutur sé ein króna og eitt atkvæði fylgi hverjum hlut (grein 4.2). Greinar 4.5 og 5 felldar brott.
- Staðfest að hlutaskrá skv. ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa sé fullgild sönnun um eignarhald (grein 5.2).
- Mælt fyrir að þess skuli getið í viðauka við samþykktir hafi stjórn verið veitt heimild til þess að kaupa eigin hluti (grein 8).
- Mælt fyrir um að boðað skuli til hluthafafundar með minnst þriggja vikna fyrirvara (grein 10.2).
- Mælt fyrir um að boða skuli til fundar með sannlegum hætti á jafnræðisgrundvelli þannig að virk útbreiðsla upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu sé trygg. Þá er tilgreint hvaða upplýsingar skulu vera tilgreindar í fundarboði að lágmarki (grein 10.3).
- Mælt fyrir um hvaða upplýsingar skulu vera aðgengilegar fyrir hluthafafundi og að þær upplýsingar skuli vera aðgengilegar í þrjár vikur fyrir hluthafafund (grein 10.4).
- Staðfestur réttur hluthafa um að fá mál tekið fyrir á dagskrá og tekið fram með hvaða fyrirvara hluthafi skuli gera kröfu um að fá mál tekið fyrir á dagskrá (grein 10.5).
- Staðfest heimild stjórnar að halda hluthafafund með rafrænum hætti (grein 10.6).
- Mælt fyrir um heimild hluthafa til þess að greiða atkvæði rafrænt eða bréflega (grein 10.7).
- Staðfest hvaða aðilar geta sótt hluthafafundi en tekið fram að ráðgjafi hluthafa megi taka til máls fyrir hönd hluthafans (grein 10.8).
- Staðfest að hluthafi geti heimilað umboðsmanni að sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði hans (grein 10.9).
- Staðfest að mál sem hafa ekki verið tekin á dagskrá sé ekki unnt að taka til úrlausnar nema með samþykki allra hluthafa en þó sé heimilt að gera ályktanir um slíkar tillögur (grein 10.10).
- Staðfest að heimilt sé að bera upp viðauka- og breytingartillögur þótt þær hafi ekki legið fyrir fundinum (grein 10.11).
- Greinar 12, 14 og 15 í núgildandi samþykktum falla niður þar sem grein 10 (áður grein 11) tekur við af þeim atriðum sem þar var fjallað um.
- Mælt fyrir að tilgreina skuli í fundarboði tillögur frá hluthöfum, ef slíkar tillögur berast og einnig hvaða gögn eigi að liggja frammi fyrir aðalfund, hluthöfum til sýnis (grein 11).
- Mælt fyrir að hluthafar eigi rétt á skriflegri atkvæðagreiðslu nema fundarstjóri telji það óþarft (grein 12.1).
- Mælt fyrir að ef viðunandi kynjahlutföll náist ekki skuli kosning endurtekin og boðað til nýs fundar ef hluthafafundur nær ekki að kjósa stjórn sem uppfyllir kynjahlutfall (grein 15.2).
- Mælt fyrir um lágmarksfresti sem frambjóðendur til stjórnar hafa til þess að gera úrbætur á framboðsgögnum (grein 15.4).
- Staðfest að grein 15.5. á við um hluthafafundi þar sem stjórn skuli vera kosin (grein 15.5).
- Mælt fyrir um breytingar á númerum greina og tilvísunum til greina vegna breytinga á samþykktum.

Dagskrá og endanlegar tillögur með greinargerð ásamt öðrum gögnum sem tillögunum kunna að fylgja munu vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík einni viku fyrir hluthafafund. Dagskrá og endanlegar tillögur verða auk þess aðgengilegar á heimasíðu félagsins: https://www.siminn.is/siminn/fjarfestar/stjornarhaettir/hluthafafundir/

Reykjavík, 28. ágúst 2015.
Stjórn Símans hf.






# Er málsókn málið?



**Bryndís Snæbjörnsdóttir**
formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar



**Friðrik Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar



Fréttablaðið/Valli

Þann 30. júní sl. var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur dómur þar sem tekist var á um réttmæti þess að neita fötluðum einstaklingi um lögbundna þjónustu á þeim forsendum að fjárheimildir þeirrar opinberu stofnunar sem þjónustuna átti að veita væru uppurnir.

Í dómnum var fallist á það með stefnanda að umrædd höfnun á þjónustu væri brot á stjórnarskrárákvörðunarrétti til lágmarksaðstoðar samkvæmt 76. grein stjórnarskrárinnar og gangi sá réttur framar fyrirmælum fjárlaga um greiðslur framlaga til umrædds verkefnis.

Þessum dómi ákvað ríkisvaldið að áfrýja ekki til Hæstaréttar heldur una niðurstöðu hans sem réttmætri.

Umrædd 76. grein stjórnarskrárinnar fjallar um öllum sem þess þurfa, meðal annars vegna fötlunar, skuli tryggður í lögum réttur til lágmarksaðstoðar.

Á Íslandi eru í gildi lög um málefni fatlaðs fólks sem hafa það að markmiði að tryggja þeim sem undir lögin heyra jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra. Í sömu lögum er ákvæði um að fatlað fólk skuli eiga kost á félagslegri þjónustu sem geri því kleift að búa á eigin heimili. Jafnframt að fatlað fólk eigi rétt á þjónustu þar sem það kýs að búa.

Staðreyndin er hins vegar sú að fatlað fólk þarf oft og tíðum að bíða í fullkominni óvissu í áraraðir eftir því að að fá notið þessarar lágmarksaðstoðar samfélagsins. Á þetta hafa hagsmunasamtök fatlaðs fólk bent margoft í gegnum tíðina.

**Álit Ríkisendurskoðunar**

Ríkisendurskoðun hefur líka tekið þetta mál upp við stjórnvöld. Í skýrslu sinni til Alþingis ágúst 2010 um þjónustu við fatlaða leggur Ríkisendurskoðun áherslu á að þáverandi félags- og tryggingamálaráðuneyti verði að móta reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu. Í athugasemdum ráðuneytisins við þessari ábendingu kemur fram að ráðuneytið sé sömu skoðunar en fjárheimildir komi í veg fyrir að slík áætlanagerð sé raunhæf. Í eftirfylgniskýrslu sinni til Alþingis frá 2014 ítrekar Ríkisendurskoðun fyrri áherslu um skilgreindan hámarksbiðtíma og þar sem sveitarfélögin hafi nú tekið að sér uppbyggingu þjónustunnar sé það hlutverk núverandi velferðarráðuneytis að hafa eftirlit og fylgja því eftir að sveitarfélög virði hámarksbiðtíma.

**Sveitarfélög á Íslandi ættu nú að taka alvarlega þjónustuskyldu sína við fatlað fólk og kalla til þá sem nú eru á biðlista eftir lögbundinni þjónustu og gera með þeim áætlun um hvenær viðkomandi fái fullnægjandi þjónustu.**

Landssamtökunum Þroskahjálp er ekki kunnugt um að Alþingi eða velferðarráðuneytið hafi í framhaldi af umræddri eftirfylgniskýrslu brugðist við samkvæmt ábendingu Ríkisendurskoðunar. Samtökin hafa því miður reynt það að ákvæði um lögbundna eftirlitsskyldu velferðarráðherra um að þjónusta, starfsemi og rekstur sveitarfélaga sé í samræmi við markmið laga um málefni fatlaðs fólks er gagnslítið. Meðal annars hafa heilu þjónustusvæðin lagt niður lögbundna þjónustu og borið við skorti á fjármagni án þess að ráðherra hafi með opinberum hætti tekið afstöðu til þess. Það má einnig velta fyrir sér áhugaleysi þingmanna þar sem Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi. Er það ef til vill svo að samstaða þingmanna með flokkssystkinum sínum á sveitarstjórnastigi sé meiri en samstaða með fötluðu fólki og aðstandendum þeirra?

**Sænska leiðin**

Málefni fatlaðs fólks eru um margt komin mun lengra í Svíþjóð en hér á landi, ekki síst réttarstaða fatlaðs fólks til lögbundinnar þjónustu. Þar í landi var árið 2013 sett á laggirnar sjálfstæð eftirlitsstofnun (IVO) með því að fólk fái þá þjónustu sem það á rétt á, til dæmis skv. lögum um stuðning og þjónustu við fatlað fólk (LSS). Í reglum eftirlitsstofnunarinnar er meðal annars að finna ákvæði um að sveitarfélög skuli tilkynna eftirlitsstofnuninni ef einstaklingur sem sótt hefur um þjónustu og á rétt á henni hefur ekki fengið umbeðna þjónustu innan þriggja mánaða. Telji eftirlitsstofnunin að um ósanngjarnan drátt á því að veita viðkomandi þjónustu sé að ræða hefur hún heimild til að höfða bótamál gegn viðkomandi sveitarfélagi fyrir stjórnsýsludómstólum þar í landi. Íslensk stjórnvöld og íslenskir alþingis- og sveitarstjórnamenn eru hér með hvött til að kynna sér starfsemi IVO.

Sveitarfélög á Íslandi ættu nú að taka alvarlega þjónustuskyldu sína við fatlað fólk og kalla til þá sem nú eru á biðlista eftir lögbundinni þjónustu og gera með þeim áætlun um hvenær viðkomandi fái fullnægjandi þjónustu. Jafnhliða verður ríkisvaldið að ganga til samninga við sveitarfélög landsins um aukna hlutdeild þeirra í tekjum ríkissjóðs. Verði þetta ekki gert er fyrirséð að fatlað fólk og foreldrar þeirra muni í auknum mæli sækja rétt sinn í gegnum dómstóla.

# Við um okkur … eru mannréttindi



**Guðjón Sigurðsson**
**formaður MND félagsins**

**Við getum ekki staðið á hliðarlínunni og volað yfir niðurstöðu, ef við tökum ekki slaginn í nefndinni eða vinnuhópnum.**

„Ekkert um okkur án okkar," segjum við sem berjumst fyrir mannréttindum alla daga.

Meinum við eitthvað með því? Þegar okkur er boðið að taka þátt í nefndum hins opinbera ber okkur að taka þátt. Við getum ekki staðið á hliðarlínunni og volað yfir niðurstöðu, ef við tökum ekki slaginn í nefndinni eða vinnuhópnum. Það hefur þó komið fyrir að hagsmunasamtök hafni þátttöku.

Hvað þá ef við sendum einhvern fyrir okkur til að rífa kjaft. Fatlaðir verða sjálfir að ráða sínum málum. Breytir þá engu hvort um er að ræða eigið líf eða forystu í félagsstörfum okkar og hagsmunasamtökum. Það verður aldrei sannfærandi ef einhver vill vel en þekkir ekki á eigin skinni hvernig er að vera fatlaður. Meira að segja makar okkar muna ekki hvort staðurinn sem þau sóttu áðan, án okkar, var aðgengilegur eða ekki. Hvað þá einhver sem er fjær basli okkar alla daga.

Þó er glæpurinn mestur þegar stjórnvöld hafa það sem ég kalla sýndarsamráð um málefni fatlaðra. Þá ræða einhverjir sprenglærðir excel-fræðingar okkar mál en kalla okkur til þegar ákvörðun hefur verið tekin, svona til að skreyta málið. Nýlegt dæmi um þetta er ferðaþjónusta fatlaðra og allt það klúður. Það skánaði ekki fyrr en notendur komu sjálfir að borðinu.

Fatlaðir eru upp til hópa vel gert fólk með skoðun á því sem snýr að okkur. Viljugt til að taka þátt og ef við fáum þá aðstoð sem þarf, til í tuskið. Þótt ótrúlegt sé þá erum við nokkuð mörg sem erum vel sett fjárhagslega og getum hjálpað við að halda hjólum þjóðfélagsins gangandi ef við fáum tækifæri til. Stundum er bara einn andsvítans þröskuldur sem útilokar okkur frá því. Fækkum þessum manngerðu hindrunum og höfum alvöru samráð.

Njótum augnabliksins.

STJÓRNMÁL

# Góðir eiginleikar eða slæmir



**Jón Aðalsteinn Hermannsson**
„eldri borgari þessa auma lands“

***Bréf til félagsmálaráðherra og fleiri:***

Helstu eiginleikar þingmanna og ráðherra þurfa að vera, auk auðmýktar, dálítið vit eða bara skynsemi. Forræðishyggja er ekki góður eiginleiki, en sá galli er áberandi hjá núverandi ráðherrum. Reyna nú að koma málum svo fyrir að þeirra stjórnvaldsákvarðanir standi lengi eftir að þjóðin verður búin að hafna þeim og flokkunum. Ólafur Ragnar, forseti á Bessastöðum, reyndist ekki alveg vera sjálfum sér samkvæmur, er hann tók lítið tillit til mótmæla og fjölda undirskrifta er ríkisstjórnin gerði frjálsu makrílveiðarnar ófrjálsar og kvótasetti, þá líka orðnar söluvara. Þó er talið að undirskriftirnar hafi haft áhrif og mildað frumvarpið þar sem þjóðareign á fiskinum í sjónum átti að færa til útgerðarmanna, frá þjóðinni. Það tókst ekki hjá sjávarútvegsráðherra.

Hlutverk félagsmálaráðherra, Eyglóar Harðardóttur, er mikilvægt í þjóðfélaginu. Tryggingastofnun heyrir undir þann ráðherra. Fáir vita, eða muna, hvert var hennar fyrsta verk sem ráðherra, það var að færa eldri borgurum strax frá 1. júlí 2013 hækkun eftirlauna en aðeins þeim er höfðu tekjur yfir 200 þús. kr.

**Vinsældakapp**

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur skerti greiðslur til þeirra sömu frá TR en hlífði tekjulægra fólkinu. Þá var skilað, nú var gert öfugt. Þeir sem hæstu upphæðina fengu, fengu um 90 þús. kr. á mánuði. En 1. ágúst fengu þeir lægra launuðu, það er stóri hópurinn, 3.665 kr. Og aftur 15. janúar 2014 um 5.000 kr. Það var og er hin nýja stefna: Auka ójöfnuð meðal landsmanna til að afla Framsóknarflokknum vinsælda í kappi við Sjálfstæðisflokk, flokk sem aldrei hefur farið dult með sína stefnu, að gera efnaða fólkið efnaðra á kostnað þeirra tekjulægstu.

Samkvæmt þekkingu minni á Framsóknarflokknum, þá var hann flokkur jafnaðar. Hvað nú? Nú talar fjármálaráðherra um hækkun til tryggingaþega um þriðjung af þeirri upphæð sem samið var um á almennum launamarkaði við ASÍ.

Þannig hafa ráðherrar aukið launamun stórlega. Er nokkur furða þótt maður treysti ekki nokkrum þingmanni eða ráðherra Framsóknar til nokkurra góðra verka?

Ég skora á félagsmálaráðherra að jafna tekjur í þjóðfélaginu. Árið 2013 var Ísland efst á lista allra þjóða þar sem launamunur var minnstur; að hugsa sér hve skamman tíma tekur að breyta þeirri mynd. Nú birtist opinberlega skrá um skattgreiðslur t.d. forsætisráðherra, skattgreiðsla hans hefur lækkað milli ára um 10 milljónir, gott að eiga góðan vin sem er fjármálaráðherra. Hið sama mun gilda um svo marga auðmenn á Íslandi. Opinber gjöld þeirra hafa stórlækkað og samtímis hafa útgjöld til eldri borgara og öryrkja og heilbrigðismála líka lækkað. Í frjálsu og upplýstu þjóðfélagi, þá eiga skattaskil að vera aðgengileg fyrir allan almenning, leyndarhyggjan burt, en líklegt er að núverandi stjórnvöld reyni að koma leynd á, og bannað verði að birta gögn um skattaskil.

**Okurleiga**

Það virðist vera svo, að þjóðin sé að skiptast í tvær stéttir. Efnaða yfirstétt sem öllu ræður, stjórnmálamenn og vel ættað fólk, og svo fólkið, sem engu ræður og ekkert á.

Margsannað er að almenn velmegun meðal þjóða skapar traustan efnahag, misskipting ekki. Bið ykkur mína góðu vini að skýra út fyrir mér hvernig þið farið að því að lifa á 182 þús. kr. á mánuði og líka hvernig þið getið átt íbúð, sem kostar ekkert að reka, ekki krónu. Það er reglan hjá TR að leigutekjur eru þannig að öll upphæðin er frádráttarbær samkvæmt reglum TR, frá greiðslum TR til okkar. Hjá skattinum er 41% af upphæðinni dregið frá, sem kostnaður við eign, sem er eðlilegt. Hjá TR er ekkert eðlilegt. Minnist sögunnar frá byggingarnefnd Akureyrarbæjar, þegar byggingverkamannaíbúða hófst uppi á Brekkunni, þá var ekki gert ráð fyrir bílastæðum, með þeim rökum að „verkamenn ættu aldrei bíl“.

Öryrkjar og eldri borgarar eiga ekki að eiga bíl eða íbúð. Ég veit að á litlum og frekar illa hönnuðum íbúðum hér við hliðina á minni íbúð í blokkinni er leigan 120 þús. plús rafmagn á mánuði. Þá eru 60 þús. eftir á mánuði til að lifa. Ég veit að þið, vinir mínir, eruð allir stóreignafólk og eruð í Framsóknarflokknum. Það þarf ekki að þýða að mér sé illa við ykkur, því ég veit að ekkert ykkar mun nokkurn tíma í framtíðinni kjósa Framsókn því sá flokkur verður ekki til. Sjálfstæðisflokkurinn heldur sínu auðmannafylgi. Það verður erfitt líf fyrir Bessastaðabónda, enda hættur að ferðast með „útrásarvíkingum“ og boða fagnaðarerindi þeirra, nú hefur hann ekkert til að segja frá og situr bara heima. Svona til upprifjunar, þá voru það tveir menn á Íslandi sem gagnrýndu Rannsóknarskýrslu Alþingis, forseti vor, fyrrverandi stjórnmálamaður, og þáverandi seðlabankastjóri DO, líka fyrrverandi stjórnmálamaður. Hann sagðist „sjá eftir öllum þeim skógi sem farið hefði í útgáfu skýrslunnar“, forsetinn taldi hana fulla af rangfærslum um sig, enn og aftur, best að gleyma ferðalögunum í einkaþotu til útlanda og ræðunum um ágæti og yfirburði útrásarvíkinga.

*Með baráttukveðju okkar til okkar ástsælu stjórnmálamanna.*




**Ég skora á félagsmálaráðherra að jafna tekjur í þjóðfélaginu. Árið 2013 var Ísland efst á lista allra þjóða þar sem launamunur var minnstur; að hugsa sér hve skamman tíma tekur að breyta þeirri mynd.**





KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Íslenska liðið hefur aðeins verið undir í 34 mínútur í leikjunum sex




# Þeir þekkja allir hlutverk sín

**Íslenska landsliðið hefur ekki aðeins unnið 5 af 6 leikjum í undankeppni EM 2016 heldur hafa íslensku strákarnir aðeins verið undir sex prósent leiktímans.**

**FÓTBOLTI** Fimmtán stig af átján mögulegum og ellefu mörk í plús. Árangur íslenska fótboltalandsliðsins á fyrstu tólf mánuðum undankeppni Evrópumótsins í Frakklandi 2016 hefur verið bæði einstakur og eftirminnilegur. Ekki minnkar afrek strákanna þegar það kemur í ljóst að mótherjar liðsins hafa aðeins komist yfir í tveimur leikjanna og bara haldið forystunni í samtals 34 mínútur.

„Ég fylgist nú vel með flestri tölfræði í okkar leikjum en ég vissi þetta ekki. Þetta er skemmtileg tölfræði,“ sagði Lars Lagerbäck, annar þjálfari íslenska landsliðsins í fótbolta, þegar Fréttablaðið bar þessa tölfræði undir Svíann í gær.

„Það eru margir hlutir sem eru að skila þessu en lykilatriðið er að vera með leikmenn sem kaupa það sem við erum að leggja upp. Þeir hafa gert það í þessari undankeppni. Við erum mjög skipulagt lið og strákarnir hafa meðtekið allt,“ sagði Lagerbäck.

„Við erum með betri liðum þegar kemur að skipulaginu. Það þekkja allir sitt hlutverk og svo höfum við líka verið heppnir með meiðsli. Við höfum því nánast alltaf átt kost á því að vera með sama lið,“ sagði Lars.

Íslenska liðið hefur komist yfir í öllum sex leikjunum og verið yfir í samtals 296 mínútur, eða 55 prósent leiktímans. Íslenska liðið var sem dæmi yfir í 36 mínútur í eina tapleiknum, sem var á móti Tékkum úti. Tékkarnir eru líka eina þjóðin sem hefur komist yfir á móti Íslandi í þessari undankeppni en þeir voru yfir í 29 mínútur í Tékklandi í nóvember 2014 og forysta þeirra í Laugardalnum í júní entist aðeins í fimm mínútur.

„Við vitum nákvæmlega hvað við erum að fara að gera fyrir hvern leik og það hefur heppnast hingað til,“ sagði fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson.

Íslenska liðið mætir Hollandi í Amsterdam á fimmtudaginn og stígur skrefi nær EM með góðum úrslitum. ooj@frettabladid.is




## Nýjast

**ÓLAFUR KEMUR INN FYRIR EMIL**
Emil Hallfreðsson missir af landsleik Íslands og Hollands í undankeppni EM 2016 á fimmtudaginn. Emil fór meiddur af velli eftir 20 mínútur í leik Verona og Genoa í ítölsku úrvalsdeildinni í fyrradag og verður ekki búinn að ná sér í tæka tíð fyrir leikinn mikilvæga á Amsterdam Arena. Ólafur Ingi Skúlason, leikmaður Genclerbirligi, var kallaður inn í landsliðshópinn í stað Emils en hann kom til móts við íslenska liðið í Amsterdam í gærkvöldi. Ólafur Ingi hefur leikið 25 landsleiki, en sá síðasti kom í 1-1 jafntefli við Eistland 31. mars síðastliðinn.

**Er þetta einhver vinnustaðahrekkur hjá Van Gaal? Eða er ég kannski að misskilja eitthvað?**

Logi Bergmann Eiðsson
**@logibergmann**

**GUÐLAUGUR VICTOR TIL ESBJERG**
Guðlaugur Victor Pálsson skrifaði í gær undir samning hjá Esbjerg í dönsku úrvalsdeildinni en hann kemur til Esbjerg frá Helsingborg í sænsku úrvalsdeildinni.
„Það eru fjárhagsörðugleikar hjá Helsingborg og það þurfti að selja leikmenn. Ég veit að þeir höfnuðu fyrst nokkrum tilboðum frá Esbjerg sem sýnir að félagið vildi virkilega fá mig. Það er ánægjulegt að Helsingborg fái pening fyrir mig og að ég geti hjálpað þeim í vandræðunum. Ég get ekkert neikvætt sagt um þetta félag og borgina eftir þetta ár.“

**FARA ÓLSARAR UPP?**
Einn leikur fer fram í 1. deild karla í kvöld. Grindavík tekur þá á móti toppliði Víkings Ólafsvíkur. Ólsarar hafa verið óstöðvandi að undanförnu og unnið sjö leiki í röð með markatölunni 21-4. Víkingur er með sjö stiga forskot á næstu lið fyrir neðan og með sigri í Grindavík tryggja þeir sér sæti í Pepsi-deildinni á næsta ári. Það yrði þá í annað sinn sem Ólsarar leika í efstu deild en þeir gerðu það fyrst sumarið 2013.

**GETA ORÐIÐ MEISTARAR Í KVÖLD**
Sextánda umferð Pepsi-deildar kvenna fer fram í kvöld. Topplið Breiðabliks sækir Selfoss heim en Blikastúlkur eru í kjörstöðu til að tryggja sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil síðan 2005. Nýkrýndir bikarmeistarar Stjörnunnar mæta ÍBV á sama tíma og þurfa nauðsynlega að vinna til að eiga einhverja von á að verja meistaratitilinn sem liðið hefur unnið undanfarin tvö ár. Sjö stigum munar á liðunum en aðeins þremur umferðum er ólokið.
Blikar hafa unnið tólf leiki í röð og haldið hreinu í þeim öllum svo líklegt verður að teljast að titilinn sé á leið í Kópavoginn. Þá sækir Þór/KA Val heim og Fylkir tekur á móti föllnum Þrótturum.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | **Selfoss - Breiðablik** | Jáverk-völlurinn |
| 18.00 | **Stjarnan – ÍBV** | Samsung-völlurinn |
| 18.00 | **Valur - Þór/KA** | Laugardalsvöllurinn |
| 18.00 | **Fylkir - Þróttur** | Fylkisvöllur |
| 18.00 | **Grindavík - Víkingur Ó** | Grindav.völlur |

**VATNSÞAMB GETUR LEITT TIL ÞVAGLEKA**
Of mikil vatnsdrykkja getur leitt til ofvirkrar þvagblöðru. Nóg er að drekka 1,5 til 2 lítra af vökva á dag.
Bls. 2



**MIKILVÆG FORVÖRN**
Börn sem iðka ekki hefðbundnar íþróttir þurfa að huga að annars konar hreyfingu. Það snýst ekki bara um að halda holdafarinu í skefjum.
Bls. 4


**Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English**

Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna

Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.

- 10 getustig með áherslu á tal
- Öllu lesefni fylgja hljóðdiskar
- Styrkt af starfsmenntasjóðum
- Nýr byrjendahópur að fara af stað

www.enskafyriralla.is

**Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@enskafyriralla.is**



**Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga**





# KEMUR JAFNVÆGI Á ÞARMAFLÓRUNA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Prógastró er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum sem stuðlar að heilbrigðri meltingarflóru og getur haft jákvæð áhrif á líkamsþyngd.*



Heilbrigð meltingarflóra er ein af undirstöðum góðrar heilsu. Með inntöku góðgerla styrkir þú ónæmiskerfið og byggir upp heilbrigða og sterka flóru í meltingarveginum sem er betur í stakk búin til að takast á við daglegt amstur.

**JAFNVÆGI Í ÞÖRMUM**

Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur a.m.k. þúsund mismunandi tegundir baktería. Jafnvægi þessara baktería getur raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, kaffidrykkju, neyslu á unnum matvörum og margra annarra orsaka í umhverfi okkar. Próbíótískir gerlar eins og Prógastró geta hjálpað til við að koma á nauðsynlegu jafnvægi í þörmunum.

**GÓÐ GEÐHEILSA**

Í dag er vitað að þarmaflóran hefur áhrif á líkamsstarfsemina á margvíslegan hátt. Heilbrigð flóra ver okkur t.d. gegn óæskilegum örverum sem geta gert okkur mein og hún hefur áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsu. Rannsóknir á mönnum og dýrum hafa einnig leitt í ljós að ójafnvægi í þarmaflóru getur stuðlað að offþyngd.




**BUMBUNA BURT**

Með því að örva vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum er hægt að hafa áhrif á líkamsþyngd á markvissan hátt. Hér spilar fæðan okkar stærsta hlutverkið en góðir gerlar til inntöku hjálpa mörgum við að halda þarmaflórunni í lagi. Prógastró gerlarnir okkar eru gríðarlega vinsælir enda er hér gæðavara á ferð. Gall- og sýruþolnir gerlar sem þola vel ferðalagið í gegnum meltingarveginn og skila sér þangað sem þeirra er þörf.

**ÚTSÖLUSTAÐIR** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.


**Heimildir:**
www.ncbi.nlm.nih.gov
www.pnas.org
www.nature.com/ajgsup/index.html
www.jorth.is
www.consumerlab.com


**SLÆM ÞARMAFLÓRA GETUR STUÐLAÐ AÐ OFÞYNGD**
Prógastró getur losað okkur við slæmu bakteríurnar og komið á nauðsynlegu jafnvægi í þörmunum.

**ÖFLUGUR**
Prógastró er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum.


STÉRIMAR®

Náttúruleg lausn fyrir börn og fullorðna

Stérimar nefúðinn losar stíflur og léttir öndun




Fæst í öllum apótekum













**TÍSKA** Drekkið þegar ykkur þyrstir en óþarfi er að vera eilíflega með vatnsflöskuna í hendi. Vatn er gott í hófi.

# FÁ ÞVAGLEKA AF MIKLU VATNSÞAMBI

**ÁHUGAVERT** *Læknar í Noregi hafa áhyggjur af því að fólk drekki of mikið vatn. Vatnsdrykkja á ekki að verða að áráttu. Fólk á að drekka vatn þegar það er þyrst en ekki þamba marga lítra á dag. Vatnsdrykkja er ekki tíska.*

Sissel Overn, norskur sérfræðingur í þvagfæralækningum, segir að töluverð aukning sé á komu sjúklinga sem eiga við þvagleka að stríða eða þurfa að pissa óeðlilega oft. Fólk losar sig við fjóra til fimm lítra á dag af vatni. Sissel hefur leitað að ástæðu þessarar aukningar og segir ljóst að of mikið vatnsþamb sé sameiginlegt hjá þessum sjúklingum. „Það er stöðugt verið að hvetja til vatnsdrykkju og vissulega er hollara að drekka vatn en gos eða aðra sæta drykki. En að það þurfi að drekka þrjá lítra af vatni yfir daginn er tóm vitleysa,“ segir Sissel. „Það getur verið sérstaklega varasamt að drekka mikið vatn á stuttum tíma. Ef þvagblaðran verður ofvirk með tíðum þvaglátum getur hún misst getu til að tæmast almennilega. Þá geta komið upp nýrnavandamál, sem er þó sjaldgæft. Mikil vökvasöfnun í líkamanum getur auk þess verið varasöm og getur valdið meðvitundarleysi,“ segir norski læknirinn.

### ALLT BEST Í HÓFI

Guðmundur Geirsson, dósent í þvagfæraskurðlækningum og læknir á Landspítalanum, segir að það sé talið gott fyrir líkamann að drekka vatn en allt sé þó best í hófi. „Almenn ráðlegging er sú að drekka 1,5-2 lítra af vökva á dag. Þó er fólki sem mynda oft nýrnasteina ráðlagt að drekka meira, allt að 2-3 lítrum daglega,“ segir Guðmundur. „Ég tel að dagleg vatnsdrykkja umfram þrjá lítra sé óþörf og valdi oft meiri vandræðum en gagni, svo sem tíðum þvaglátum og jafnvel þvagmissi. Mér vitanlega hafa engar rannsóknir sýnt fram á að mikil vatnsdrykkja sé árangursrík fyrir fólk sem vill léttast,“ útskýrir hann.

„Að sjálfsögðu þarf að bæta upp vökvatap sem verður þegar fólk svitnar vegna hita eða mikillar líkamlegrar áreynslu. Slíkt vökvatap getur í sumum tilvikum verið margir lítrar. Í fæstum tilvikum er mikil vatnsdrykkja hættuleg og sjálfur hef ég ekki haft sjúklinga sem hafa lent í lífshættu vegna ofdrykkju vatns. Þetta er þó vel þekkt á meðal sjúklinga með mikil geðræn vandamál. Afleiðingar þess koma fram sem truflun á salt- og vatnsbúskap líkamans, sem getur valdið heilabjúg,“ segir Guðmundur og bendir á að of lítil vatnsdrykkja geti líka verið varasöm, sérstaklega fyrir eldra fólk. „Lítil vökvainntaka getur meðal annars leitt til of lágs blóðþrýstings og svima, einnig hægðatregðu og þvagfæravandamála, svo sem sýkinga,“ segir Guðmundur.



**VATN ER GOTT** Guðmundur Geirsson læknir segir að ágætt sé að drekka 1,5 til 2 lítra af vökva á dag. Sumir þurfa að drekka meira, sérstakleag þarf eldra fólk að gæta að því að fá nægan vökva.

### LÍKAMINN VEIT BEST

Eðlilegt er að drekka vatn við þorsta og þegar fólki er mjög heitt eða það reynir mikið á sig. Fólk ætti hins vegar að gæta þess að líkaminn tekur líka inn vökva í gegnum mat. Ávextir og grænmeti innihalda mikinn vökva. Sem dæmi þá er epli 86% vatn og agúrka um 97%. Í könnun sem gerð var í Noregi árið 2011 kom í ljós að Norðmenn drekka um 2,5 lítra af vökva á dag, þar af er kaffi um hálfur lítri. Þá er áfengi einnig vökvi fyrir líkamann.

Sissel segir að líkamsræktarþjálfarar séu öflugir talsmenn vatnsins, sem sé ágætt. „Hins vegar eigum við að láta líkamann ráða og drekka þegar við erum þyrst. Maður þarf ekki að ganga um með vatnsflösku allan daginn.“

elin@365.is

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán. – fös. kl. 9 – 18. Laugard. kl. 9 – 16. Sunnudag kl. 10-16









Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



# GRUNNURINN LAGÐUR Í ÆSKU

**HREYFING** *Nauðsynlegt er fyrir börn og unglinga sem iðka ekki hefðbundnar íþróttir að huga að annars konar hreyfingu. Rannsóknir sýna að hreyfing gegnir lykilhlutverki sem forvörn og meðferðarform vegna fjölmargra sjúkdóma. Stuðningur foreldra skiptir líka miklu máli.*

Skipulagt starf íþróttafélaga hefst víðast hvar af fullum krafti á haustin. Ekki taka þó öll börn þátt en hópur grunnskólabarna iðkar engar íþróttir eða stundar litla sem enga hreyfingu þótt hún sé nauðsynleg öllum börnum og unglingum.

Rannsóknir síðustu áratuga staðfesta að hreyfing gegnir lykilhlutverki sem forvörn og meðferðarform vegna fjölmargra sjúkdóma og ávinningurinn því mun fjölþættari en aðeins að halda holdafarinu í skefjum, að sögn Gígju Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra hreyfingar hjá Embætti landlæknis. „Umfram allt veitir regluleg hreyfing aukinn líkamlegan og andlegan styrk til að sinna daglegum verkefnum, spornar gegn streitu og stuðlar að betri svefni.“

**ÞÁTTTAKA MIKILVÆG**

Þátttaka barna og unglinga í skipulögðu íþróttastarfi hefur aukist að sögn Gígju undanfarin ár og er það mikilvægt mótvægi við vaxandi framboð á annarri afþreyingu sem felur í sér kyrrsetu. „Aukin þátttaka er mikilvæg þar sem íslenskar rannsóknir benda einnig til að ungt fólk sem tekur þátt í skipulögðu íþróttastarfi sé meðal annars líklegra til að líða betur, það stundar síður ýmiss konar áhættuhegðun og er margfalt líklegra til að hreyfa sig meira. Ef börn og unglingar hafa ekki verið að finna sig í skipulögðu íþróttastarfi er því sannarlega þess virði að skoða hvort þau hafa örugglega fullreynt þann möguleika, þ.e. prófað að taka þátt í mismunandi starfi sem er í boði á heimaslóðum þeirra. Einnig er hægt að stunda ýmsar íþróttir og leiki á eigin vegum t.d. á leikvöllum, í görðum og á grænum svæðum. Ganga, skokk og hjólreiðar er eitthvað sem flestir geta stundað og sundlaugarnar eru auðvitað ómetanlegur fjársjóður.“

**HVATNING NAUÐSYNLEG**

Stuðningur foreldra skiptir líka miklu máli að sögn Gígju. Mikilvægt sé að þeir séu meðvitaðir um hversu mikið börnin hreyfa sig almennt, semji við þau um afmarkaðan skjátíma, hvetji þau til að ganga og hjóla á milli staða og hjálpi þeim að finna hreyfingu við hæfi. „Gefa má gjafir sem hvetja til hreyfingar og almennt sýna hreyfitengdum áhugamálum þeirra athygli, líkt og öðru sem er að gerast í lífi þeirra. Sameiginleg hreyfing foreldra og barna er líka frábær leið til að mæta börnum á þeirra forsendum.“

**BYRJUM SNEMMA**

Hreyfing minnkar alla jafna með hækkandi aldri og sýna rannsóknir til dæmis niðursveiflu við vistaskiptin úr grunnskóla í framhaldsskóla. „Námið verður sífellt meira krefjandi og tímafrekara og þeim mun mikilvægara að vera meðvituð um að sitja ekki of lengi í einu og finna leiðir til að fullnægja daglegri hreyfiþörf. Grunnurinn að hreyfivenjum til framtíðar er lagður í æsku. Það er ekki því aðeins nauðsynlegt fyrir heilsu, líðan og starfsgetu á námsárunum að tileinka sér slíka lífshætti sem fyrst heldur ekki síður fyrir líf og störf í framtíðinni.“

**MIKIL FJÖLBREYTNI**

Framboð af alls kyns hreyfingu hefur aukist mjög á undanförnum árum, sem er mjög jákvæð þróun, að sögn Gígju. „Það auðveldar flestum að finna sér fjölbreytta hreyfingu í samræmi við áhuga og getu hverju sinni. Þarfirnar eru mismunandi og sú hreyfing eða þjálfunarform sem hentar einum hentar ekki endilega öðrum. Það er því mikilvægt að hafa skynsemina að leiðarljósi, afla upplýsinga og hjálpa börnum og unglingum að velja sína leið. Aðalatriðið ætti að vera að hafa gaman af og viðhalda og bæta eigin getu. Þannig verður hreyfingin raunveruleg heilsurækt sem léttir okkur lífið.

**AUKINN STYRKUR** „Umfram allt veitir regluleg hreyfing aukinn líkamlegan og andlegan styrk til að sinna daglegum verkefnum, spornar gegn streitu og stuðlar að betri svefni,“ segir Gígja Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hreyfingar hjá Embætti landlæknis. MYND/GVA

# Leiðarvísir Frutin®

## Fæða sem getur valdið *brjóstsviða*





**Sítrusávextir**
Appelsínur, greipaldin og ávaxtasafar eru mjög súrir, sérstaklega þegar neytt er á tóman maga.





**Hvítlaukur og laukur**
Sumt fólk sem fær gjarnan uppþembu eða brjóstsviða þarf oft að varast lauk og hvítlauk.



**Tómatar**
Eins saklausir og þeir líta út fyrir að vera með sínum meinhollu næringarefnum, eins og lýkópen, þá eru tómatar afar súrir og fara misvel í maga.



**Sterkur matur**
Chili, pipar, mexikóskur matur, eða annar sterkur og kryddaður matur getur valdið brjóstsviða.



**Hnetur, ostur, lárpera og djúsí steik**
Eiga það sameiginlegt að vera feitur matur. Fita hægir á tæmingu magans sem getur aukið þrýsting á hringvöðva vélindans og valdið brjóstsviða.

**Alkóhól**
Vín, bjór eða eftirlætis kokteillinn þinn geta valdið brjóstsviða, sérstaklega þegar neytt er með stórri máltíð. Alkóhól slakar á hringvöðva vélindans og því ná magasýrurnar að flæða upp í vélindað.





**Kaffi**
Kaffi, gos, te, íste, annar vökvi eða matur sem inniheldur koffein ætti að varast því það getur valdið brjóstsviða. Hér skiptir máli að passa skammtastærðirnar og huga að koffeinmagninu sem innbyrt er.

**Kolsýrðir drykkir**
Gos og aðrir kolsýrðir drykkir geta valdið uppþembu sem orsakast af auknum þrýstingi á hringvöðva vélindans og það getur leitt til brjóstsviða. Er ekki bara best að sýna skynsemi og forðast gosdrykkina.





**Súkkulaði**
Auðvitað, það getur verið hlaðið koffeini og fitu, en súkkulaði getur líka valdið brjóstsviða. Súkkulaði slakar nefnilega á hringvöðva vélindans þannig að það eykur líkur á brjóstsviða. Spurning um að pakka bara saman öllu súkkulaðinu sem þú átt og gefa það.

**Frutin® getur í alvörunni hjálpað þér að neyta þessarar dásamlegu fæðu án þess að eiga á hættu að fá óþægindi eftir máltíðina.**

Frutin eru náttúrulegar tyggitöflur sem eru framleiddar af einkavarinni aðferð við að nýta trefjar sem gera það að verkum að þegar þær eru tyggðar myndast róandi, froðukennt lag í efri hluta magans.




Þessi leið er því bæði náttúruleg og snjöll til að berjast við hækkandi sýrustig í maganum án þess að nota lyfseðilsskyld lyf. Takið 1-2 töflur eftir þörfum. Barnshafandi konur geta notað Frutin. Börn undir 12 ára mega ekki nota Frutin. Inniheldur eingöngu náttúruleg efni ss. Dolomita kalk og piparmyntu.


**Frutin fæst í næsta apóteki, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.**

IceCare ehf • Ármúli 8 • Sími 581 1090 • icecare@icecare.is • www.icecare.is

IceCare
Þín heilsa

## BÍLAR & FARARTÆKI

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



RENAULT Clio. Árgerð 2015, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.740.000. Rnr.232452. Bílamarkaðurinn S: 567-1800



TOYOTA Land cruiser 120. Árgerð 2008, ekinn 179 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.500.000. Rnr.232435.Bílamarkaðurinn S:-567-1800



TOYOTA Land cruiser 120 vx “33”. Árgerð 2007, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.232457. Bílamarkaðurinn S:-567-1800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

STÓRA BÍLASALAN



Opel Ampera Rafmagnsbíll Árgerð 2012. Ekinn 29þ.km. Sjálfsk. Leður o.m.fl.. Mjög gott eintak. Er á staðnum. Verð 4.490.000kr. Raðnr 157296. Sjá á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

Bílalíf



**NÝR FIAT 500L 7 MANNA**

FIAT 500L.Árgerð 2015.6 gírar,ríkulegur af aukabúnaði,eigum til 2 á stðanum,eyðir aðeins 4,8 í blönduðum akstri,sjón er sögu ríkari. Verð 3.890.000. Rnr.127107. S:562-1717.



**NÝR FOCUS DÍSEL**

FORD FOCUS TREND STATION. Árgerð 2015,dísel,6 gírar,eyðir aðeins 4,4 í blönduðum akstri,eigum fleiri liti á staðnum. Verð 3.490.000. Rnr.127097. S:562-1717

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ A 250. Árgerð 2014, ekinn 8 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.290.000. Rnr.240743.



Kia Sorento EX classic 197 hö. Árgerð 2014, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.190.000. Rnr.161545. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HYUNDAI I30 comfort. Árgerð 2008, ekinn 123 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.450.000. Rnr.991375.



AUDI Q7 quattro s line. Árgerð 2011, ekinn 78 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.991411.



VW Passat Ecofuel. Árgerð 2011, ekinn 99 Þ.KM, bensín/metan, sjálfskiptur, leðurinnrétting. Gott verð 2.690.000. Rnr.161342.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

CLASSICBILAR.IS
Bílasala



FORD Transit T300 Trendline125hp. Árg 2012, ek 84 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.890þ+ VSK. Rnr.101040 -Getum útvegað fleiri gerðir!!



SUBARU IMPREZA STI SPEC-R. Árg 2008 Umboðsbíll, Eini á landinu. ek 55 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 3.980þ Stgr. Rnr.100902. Ásett 4.990þ



BMW 520D F11 Station. Árg 2012, ek 119 Þ.KM, dísel, ssk, eyðir 8l/100km vel útbúinn. Skoðar skipti!! Verð 6.390þ Rnr.100817.

Óskum eftir bílum á söluskrá okkar
www.classicbilar.is

**Classicbilar.is**
**Gilsbúð 3, 210 Garðabær**
**Sími: 517 9500**
**www.classicbilar.is**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



LEXUS Rx450h F Sport . 2/2015, 9þ.km, sjálfskiptur,sóllúga. Verð 13.190.000. Skipti ód.Rnr.200719.



Range Rover Sport SE. 7/2006, 79þ. km,dísel,sjálfskiptur,krókur,vetrardekk. Verð 4.790.000. Skipti ód.Rnr.118892.



Range Rover Sport HSE tdv8. 5/2008, 68þ.km,dísel, sjálfskiptur,krókur,nagladekk á felgum. Verð 7.780.000.Skipti ód. Rnr.200717.



TOYOTA Land Cruiser 150 VX. 5/2013, 49þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 9.790.000.Skipti ód. Rnr.122981.



TOYOTA Land Cruiser 150 VX. 12/2012, 31þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 9.690.000.Skipti ód. Rnr.123000.



TOYOTA Land Cruiser 150 VX. 6/2013, 44þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 9.850.000. Skipti ód.Rnr.118777.



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 6/2010, 102þ.km,dísel, sjálfskiptur. Verð 6.680.000.Skipti ód. Rnr.118683.



TOYOTA Rav4 GX Plus. 6/2014, 34þ. km,bensín,sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Skipti ód.Rnr.122987.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18**

100bilar.is bílasala



Nissan E-NV200 - 9/2014 - ek 1 þús km - Rafmagnsknúinn - Sjsk - Ásett verð 3950 þús - Er á staðnum - Raðnr 152081.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



VW golf 99. 18. 5 gíra. 152km S. 6162597



**ÚTSALA 220ÞÚS !**

Musso árg. ‘99 ek. 240þús dísel, krókur, öryðgaður, sk. út árið. Tilboð 220þús Uppl. í s. 860 3970



Til sölu Ford Explorer árg. ‘99 ekinn 64þ. mílur Tilboð. Uppl. í S:8649091



Wv póló árg 04 beinsk ek 212 þús sk 16 nýleg heilsársdekk topp smurbók verð 390 þús 8927852.

## 500-999 þús.



**YARIS - TILBOÐ 590 ÞÚS**

Toyota Yaris 1,3 vvti árg 2004 ek.182 þús,beinskiptur, 5 dyra, heilsarsdekk, sk.16 dráttarkrókur, fínn bíll, einhvað um hurðadældir, Tilboðsverð 590 þús möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ‘01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílastöðin Þróttur
ÞRÓTTUR 577-5400
Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**HREINVERK**

Teppahreinsun, gluggahreinsun, rennuhreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699 6762 og www.hreinverk.is

## Garðyrkja

**GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.**

Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, kranabílar, vörubílar, gámaleiga, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
**Sími 892 1663.**

GARÐLIST 554 1989

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**INNIMÁLUN**

Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsaviðhald







Smíðagengi getur bætt við sig verkefnum innan og utanhúsklæðningar, tilboð eða tímavinna. Uppl. í síma 865 7026.

## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir.Geymið auglýsinguna. S. 891 8727 Stella.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Verslun




**LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR**
25% afsláttur af öllum vörum á meðan birgðir endast. Allar vinsælustu unaðsvörurnar. Fá sent eða sækja Netgíró, greiðslukort, millifærsla www. hush.is

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**
Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða (veiðihús) Lax og sjóbirtingur. S. 893 4515 og tradir.net

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**

**S. 690 3031 / 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 499 3070 Sólbakki.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÁRSNYRTIR**

**HÁRRÉTT HÁRSTOFA/ RAKARASTOFA**
Óskar eftir vönum hársnyrti í 80% starf.
Þarf að getað byrjað sem fyrst.
**Uppl. sendist á linda@harrett.is**

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/ atvinnu-umsokn/**


Þurrkbox
Ný sending á morgun!



799 per stk.



1.249 per stk.
Tilboð 3 fyrir 2
Þurrkbox draga í sig raka úr umhverfinu og minnka dægursveiflur rakastigs. Einföld lausn til að lækka raka í gámum, hjólhýsum eða þar sem þurrktækjum verður ekki komið við.
Frábær í sumarvagnana!
Vatnsdælur
Öflugar vatnsdælur sem henta til að þurrka eftir vatnsskaða.



Tilboð 19.990
Dæla - bensín
Vatnsdæla með bensínmótor. Öflug dæla sem hentar ef ekki er rafmagn.



Tilboð 64.990
Iðnaðarþurrktæki
Iðnaðarþurrktæki til að hraða þurrkun eftir vatnsskaða eða í nýbyggingar.



íshúsið
1983 - 2013 30 ára reynsla
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur
viftur.is
-andaðu léttar

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR OG JL HÚSIÐ**

Óskum eftir að ráða starfsfólk í fullt starf í afgreiðslu. Íslenskukunnátta skilyrði. Lausar stöður í Holtagörðum og JL Húsinu.

**Áhugasamir hafi samband við Lindu 8637579 Eða á linda@joifel.is**

**GINGER**

óskar eftir hressu fólki í hlutastörf frá 10:30 - 15:00 alla virka daga.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklaus og með góða íslensku kunnáttu og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.

**NONNABITI**

Starfsmenn óskast í Reykjavík og Kópavog. Reyklaus.

**Sendið umsókn á nonnabiti@nonnabiti.is eða á staðnum.**

Vinsæll veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir góðu fólki til starfa. Í boði eru hlutastörf á skemmtilegum vinnustað. Aðstoðarfólk í eldhús og starfsfólk í sal vantar. Upplýsingar veitir Jóhann í síma 546-9550

**BAKARÍ / AÐSTOÐAMAÐUR**

Óskum eftir vönum og duglegum aðstoðarmanni eða bakaranema. Krefjandi vinna.

**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

Eldri maður sem býr á gullfallegum stað útá landi óskar eftir konu til að elda ofaní sig. Uppl. í síma. 690-8083.

Starfsmann vantar í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl 10-18 alla virka daga. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar og umsóknir á vinnaibodi@gmail.com

Veitingahús í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í sal, hlutastarf. Uppl. í S. 822 5229.

**HÁRGREIÐSLU & RAKARASTOFAN KLAPPARSTÍG.**

Hársnyrtir óskast til starfa. Uppl. gefur Sigurpáll í s. 551 3010 & 896 8544

**FJARÐARBAKARÍ - KORNIÐ**

Starfsfólk óskast í hlutastörf á virkum dögum. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

Help needed on Restaurant, CV send on magnusingi@gmail.com

Reglusamur einstaklingur óskast til starfa virka daga fyrir hádegi á litlu gistiheimili í miðborginni. Umsóknir berist á info@ourhouse.is

Primo leitar að góðu fólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir sendið ferilskrá á matreidslumadur@gmail.com

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ÍSLENDINGAR.EU**

Nýr, frjálslyndur stefnumóta- og samskiptavefur, mjög sérstakur, sérsniðinn að stefnumóta- og samskiptamenningu íslendinga. Almenn samskitpi, stefnumót, makaleit, stundargaman, swingers (makaskipti) - blogg, dagbækur, hugrenningar, stöðufærslur - vefurinn dekkar regnbogann. Líttu við. www.islendingarl.eu.

**Vísir hf óskar eftir að ráða:**

yfirvélstjóra til afleysingar á Sighvat GK 57.
Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

Umsækjendur sækja um á heimasíðu Vísis www.visirhf.is.

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Sporðagrunn 11 – Efri sérhæð ásamt bílskúr.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 - 17.45**




Mjög góð 116,0 fm. efri sérhæð auk sér geymslu í kjallara og 35,0 fm. bílskúrs í fallegu þríbýlishúsi, teiknuðu af Sigvalda Thordarsyni. Frábær staðsetning í rólegri götu í Laugardalnum. Tvennar svalir og útsýni. Þrjú herbergi, en mögulegt er að útbúa fleiri svefnherbergi í íbúðinni ef vill. Gler og gluggar á hæðinni voru endurnýjaðir fyrir fáeinum árum síðan.**Verð 46,9 millj.** **Verið velkomin.**






## Háaleitisbraut 111

**Endaíbúð í Sigvaldahúsi með bílskúr**

Endaíbúð á fjórðu hæð
Íbúðin að stærð 141,1 m²
Bílskúr að stærð 32,5 m²
Hönnun eftir Sigvalda nýtur sín vel
Endurnýjað baðherbergi innaf hjónaherbergi

Verð: **44,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

**- með þér alla leið -**

BRÚ FASTEIGNASALA



*Helga Pálsdóttir*
*Lögg.fasteignasali*
*S: 822 2123*
*helga@brufast.is*

*Elísabet Agnarsdóttir Lögg fast.*

## Miðvangur 2

**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 1. SEPT.**
**FRÁ KL 17:30 - 18:00 - BERGUR Á BJÖLLU**



**Miðvangur 2**

BRÚ fasteignasala kynnir vel skipulagða 5 herbergja 156,4 m2 enda íbúð á annari hæð með glæsilegu útsýni við Miðvang 2 í Hafnarfirði. Aðeins 3 íbúðir í stigagangi og ein íbúð á hverri hæð. **Nánari uppl. veitir Helga Pálsdóttir löggiltur fasteignasali í síma 822 2123 eða helga@brufast.is**

HÁTALARAR BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
DVD SPILARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
BÍLHÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL HLJÓMBORÐ REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR – ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM HELGINA

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

7 VERSLANIR UM ALLT LAND

| | | |
|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | REYKJAVÍK | S: 569 1500 |
| HAFNARGÖTU 90 | REYKJANESBÆ | S: 414 1740 |
| AUSTURVEGI 34 | SELFOSSI | S: 414 1745 |
| ÞJÓÐBRAUT 1 | AKRANESI | S: 431-3333 |
| GLERÁRGÖTU 30 | AKUREYRI | S: 460 3380 |
| GARÐARSBRAUT 18A | HÚSAVÍK | S: 464 1600 |
| KAUPVANGI 6 | EGILSSTÖÐUM | S: 414 1735 |

TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

OPIÐ!

ALLA HELGINA
Á SUÐURLANDSBRAUT
LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

## Merkisatburðir

**1910** Vífilsstaðaspítali er opnaður.
**1923** Jarðskjálfti upp á 7,9 á Richter, skekur Tókýó og Yokohama í Japan. Um 140.000 manns látast í skjálftanum og miklum eldsvoða sem fylgir í kjölfar hans.
**1930** Í Reykjavík hefja bæði kvikmyndahúsin sýningu talmynda. Í Gamla bíói er Hollywood-revían og í Nýja bíói Sonny Boy.
**1939** Þjóðverjar ráðast inn í Pólland.
**1958** Fiskveiðilögsaga Íslands er færð út í tólf sjómílur en var áður fjórar. Bretar mótmæla harkalega.
**1972** Enn er landhelgin færð út, nú úr tólf mílum í fimmtíu, og Bretar mótmæla á sama veg og fyrr og reyna fiskveiðar undir herskipavernd.
**1972** Bobby Fischer sigrar Boris Spasskí í „einvígi aldarinnar“ í Reykjavík með 12,5 vinningum gegn 8,5.





Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

**Jóhanna Gestsdóttir**
kennari,

lést í faðmi fjölskyldunnar á krabbameinsdeild Landspítalans 29. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, föstudaginn 4. september kl. 11.00.

**Gestur Baldursson**
**Embla Kristjánsdóttir**
**Hrefna Kristjánsdóttir**
**Askur Kristjánsson**
**Gríma Kristjánsdóttir**
**Gestur Friðjónsson** **Nanna Jóhannsdóttir**
**Ingibjörg Gestsdóttir**
**Jóhann Gestsson**
**tengdasynir og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir einstakan kærleikshug og samúð vegna andláts og útfarar okkar ástkæru

**Brynju Bragadóttur**
doktors í vinnusálfræði,
Huldulandi 20,
Reykjavík.

**Ragnar Kristinsson**
**Inga Björk Ragnarsdóttir**
**Valgerður Ragnarsdóttir**
**Inga Björk Sveinsdóttir** **Bragi Sigurþórsson**
**Sólrún Bragadóttir**
**Þórdís Bragadóttir** **Þorbjörn Guðjónsson**
**Friðrik Bragason** **María Guðmundsdóttir**



Bróðir okkar,

**Reynir Friðfinnsson**
smiður,
frá Baugaseli,
Fjólugötu 11, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri 21. ágúst sl. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 3. september kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Ingimar Friðfinnsson**
**Ari Friðfinnsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Ástkær bróðir okkar, frændi og vinur,

**Logi Jósef Guðmundsson**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 22. ágúst sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, 1. september, kl. 15.00.

**Stefana Kormáksdóttir**
**Þóra B. Valdimarsdóttir** **Eyjólfur Bjarni Alfreðsson**
**Pétur Fallesen**
**Dagbjört Ylfa Geirsdóttir**
**Alfreð Örn Eyjólfsson**



**„Ég fékk ekkert að vera í bílskúrsböndunum, heldur var bara kominn í fullorðinsmúsík mjög snemma,“ rifjar Grétar upp.** Fréttablaðið/GVA

# Hélt alltaf að Ferðalok fjallaði um Hornafjörð

**Grétar Örvarsson, Stjórnarmaður með meiru, gefur út sinn fyrsta sólódisk í dag sem heitir einfaldlega Ellefu dægurlög. Útgáfutónleikar verða á Höfn, þar sem ballið byrjaði.**

Þó að langt sé síðan Grétar Örvarsson varð þekkt nafn í tónlistarlífi landsmanna hefur hann ekki gefið út sólódisk fyrr en í dag. „Ég hef bara spilað og sungið á plötum, kasettum og diskum með Stjórninni. Við gáfum út, ef ég man rétt, sjö plötur. Svo gaf ég líka út diskinn Milli mín og þín með Bjarna Ara á sínum tíma,“ segir Grétar, þegar hann lýsir útgáfuferlinum.

Grétar ólst upp austur á Hornafirði og var fjórtán ára farinn að spila opinberlega við ýmis tækifæri. „Mamma, Karen Karlsdóttir, hjálpaði mér að kaupa hljóðfæri. Það var Yamaha, tveggja borða orgel með fótbassa,“ rifjar hann upp.

Hann kveðst hafa verið í píanónámi hjá Sigjóni Bjarnasyni á Brekkubæ en lært líka mikið bara sjálfur. „Ég fór snemma að spila með mönnum sem voru aðeins eldri en ég og skipuðu mér að fara að spila djass-standarda og gömlu dansana. Ég fékk ekkert að vera í bílskúrsböndunum heldur var bara strax kominn í fullorðinsmúsík. Þá voru böll um hverja helgi og ég fékk undanþágu hjá sýslumanninum, Friðjóni Guðröðarsyni, til að spila á Hótel Höfn, þar sem var vínveitingaleyfi. Sautján ára stofnaði ég svo mína fyrstu hljómsveit austur á Hornafirði. Þetta var allt rosalega góður skóli sem ég bý alltaf að."

Faðir Grétars var hinn landsþekkti harmónikuleikari Örvar Kristjánsson. Skyldu þeir feðgar ekki hafa troðið upp saman? „Jú, þegar ég var kominn til Reykjavíkur í nám, átján, nítján ára, greip ég oft í að spila með pabba, meðal annars á Skálafelli á Hótel Esju (sem nú heitir Nordica hótel) og fór með honum að spila á þorrablóti Íslendinga í Stokkhólmi. Fljótlega var ég samt kominn með mína eigin sveit, Hljómsveit Grétars Örvarssonar, og 23 ára orðinn hljómsveitarstjóri á Hótel Sögu. Þar spilaði ég í mörg ár, bæði í Átthagasal og Súlnasal, og árið 1988 stofnaði ég svo Stjórnina.“

Lengi býr að fyrstu gerð og með diskinum sem nú er að koma út leitar Grétar til fortíðar í gömlu góðu dægurlögin. Hann tekur fyrir þekkt íslensk og skandinavísk dægurlög, með íslenskum textum og syngur þau öll. Auk þess syngja þrjár söngkonur með honum jafnmarga dúetta, Stefanía Svavarsdóttir, Heiða Ólafsdóttir og Elísabet Ormslev. „Allt frábærar söngkonur,“ segir Grétar og tekur líka fram að fjöldinn allur af góðum hljóðfæraleikurum spili með honum á diskinum.

> **Ég fór snemma að spila með mönnum sem voru aðeins eldri en ég og skipuðu mér að fara að spila djass-standarda og gömlu dansana.**

Grétar er ekkert að flækja málin þegar kemur að nafngift disksins, sem heitir Ellefu dægurlög. Kvöldsigling Gísla Helgasonar hljómar þar í nýrri útsetningu og meðal laga eru Eina nótt (Láttu mjúkra lokka flóð), Þannig týnist tíminn og Ferðalok. „Ég hélt alltaf að Ferðalok væri samið um Hornafjörð,“ segir Grétar, „Sól slær silfri á voga, sjáðu jökulinn loga... – mjög hornfirsk mynd. Þegar ég fór að huga að útgáfutónleikum kom bara einn staður til greina. Ég ætla að halda þá „heima“ á Hornafirði þann 19. september og að sjálfsögðu á Hótel Höfn þar sem ég byrjaði.“

**gun@frettabladid.is**



Ástkær sonur okkar, bróðir og frændi,

**Elvar Már Theodórsson**
kvikmyndagerðarmaður,

lést á heimili sínu í Prag þann 17. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 1. september kl. 13.00.

**Theodór Sigurðsson** **Ragnhildur G. Júlíusdóttir**
**Arnar F. Theodórsson** **Kristín Ó. Grétarsdóttir**
**Silja R. Theodórsdóttir**
**Nökkvi og Breki**



Okkar ástkæra

**Sigríður Pálsdóttir**
Fannborg 8, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 27. ágúst 2015. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sveinbjörg Eyvindsdóttir**
**Valdemar Eyvindsson** **Anne-Sofie B. Pedersen**
**Páll Eyvindsson** **Hulda Markúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**RIKKA MÆTIR MEÐ NÝJAN OG ÖÐRUVÍSI ÞÁTT**

# HJÁLPARHÖND – HEFST Í KVÖLD

Vönduð ný þáttaröð í umsjá Rikku og fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi.
Störfin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stoðir samfélagsins.

365.is | Sími 1817

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur



Hæg vestlæg eða breytileg átt í dag. Dálítil þokusúld með köflum vestast á landinu en skýjað með köflum eða bjartviðri austanlands. Hiti 8 til 15 stig að deginum, hlýjast austan til.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 12° |
| 5 | 8 | 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° | 15° | 7° |
| 1 | 2 | 4 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 12° |
| 6 | 11 | 13 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° | 12° | 6° |
| 6 | 5 | 9 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. klink
6. kúgun
8. sigti
9. ílát
11. tveir eins
12. krapi
14. enda
16. gyltu
17. sérstaklega
18. fugl
20. tveir eins
21. hávaði

**LÓÐRÉTT**
1. hróss
3. þys
4. ófrægðarpappír
5. skítur
7. hænsnfugl
10. skrá
13. hólf
15. illgresi
16. verkfæri
19. fen

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** 2. mynt, 6. ok, 8. sía, 9. fat, 11. ðð, 12. slabb, 14. klára, 16. sú, 17. sér, 18. önd, 20. ff, 21. gnýr.
**LÓÐRÉTT:** 1. lofs, 3. ys, 4. níðbréf, 5. tað, 7. kalkúnn, 10. tal, 13. bás, 15. arfi, 16. sög, 19. dý.

### Skák Gunnar Björnsson

Jón Þór Bergþórsson (2.145) átti leik gegn Árna Kristjánssyni (1.895) á Íslandsmóti skákfélaga sl. vor.



**Svartur á leik**
62...Bxg2+! Hvítur gafst upp enda verður svarta g-peðið ekki stöðvað.

**www.skak.is** Aronian efstur á Sinquefield-Cup.

### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 7 | 3 | | | | 5 |
| | 5 | | | 9 | | 6 | | 7 |
| | | | 8 | | | | 2 | 3 |
| | | 5 | 2 | | | | 9 | |
| | 1 | 4 | | 6 | | 7 | | |
| 2 | 3 | | | 1 | | 4 | | |
| | | | | 8 | | | | |
| 3 | | | 1 | | | | | 4 |
| 1 | 6 | 7 | | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 4 | 8 | | | | 2 | 9 |
| 8 | 9 | | 7 | 1 | | | | |
| | | | | 6 | | 5 | | 8 |
| | | 6 | | | 8 | | 5 | |
| 7 | | 8 | | | | | 6 | 1 |
| 5 | | | | 4 | | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | 4 |
| | | 1 | | | 4 | 9 | | |
| | | | | 5 | | 7 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 8 | 2 | | 5 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| 2 | | | | | 5 | | 9 | |
| 5 | | | | | 4 | 1 | | |
| | 1 | 4 | 5 | | 3 | | 2 | |
| 6 | | 9 | | 1 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 8 | | 4 | 6 |
| | | 1 | | | | 9 | | |
| 4 | | | 2 | 6 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**Kramhúsið**
ORKUSTÖÐ Í MIÐBÆNUM
*Byrjum 7. september*



*Ert þú líka á leið í Kramhúsið?*

ORKA
* Yoga
* Músíkleikfimi
* Pilates
* Zumba
* Jane Fonda
* Herra Yoga
* Karlaleikfimi með Sóley

DANS
* Afró
* Magadans
* Bollywood
* Contemporary
* Burlesque
* Beyoncé dansar
* Tangó
* Balkan

BÖRN+UNGL.
* Skapandi dans 3ja ára
* Dans fyrir 4-5 ára
* Dans fyrir 7-9 og 10-13 ára
* Break-dans
* Popping
* Afró – börn+foreldri
* Tónlistarleikhús
* Strákar dansa

KRAMHÚSIÐ
*Tryggðu þér pláss!*
Sími 551 5103 · kramhusid.is
KVIKA




Íslenskir bakarar vilja vekja athygli á hollustu trefjaríkra brauða. Trefjarík blanda af höfrum, byggi og rúgi stuðlar að eðlilegri og góðri meltingu. Bakarar hafa nú á boðstólum Landsbrauð sem er trefjaríkt hollt brauð. Landsbrauð er mjúkt, milt á bragðið og einstaklega ljúffengt.

**Slysavarnafélagið Landsbjörg fær 30 kr. í sinn hlut af hverju seldu brauði, til styrktar einingum félagsins.**

**Landsbrauð er trefjaríkt og inniheldur m.a. heilmalað korn.**

TREFJARÍKT

# Leikhúsið þarf að vera lifandi og hugrakkt

**Starfsemi leikhúsanna er komin á fullt skrið að loknum sumarleyfum og Kristín Eysteinsdóttir Borgarleikhússtjóri kynnti nýverið leikárið.**

Við vorum með opið hús að vanda og það komu hingað fleiri þúsund manns á öllum aldri, sem er auðvitað afar ánægjulegt fyrir okkur. Það er gaman að sjá hvað borgarbúar hafa mikinn áhuga á leikhúsinu sínu og þá ekki síst ferlinu að því hvernig leikhús verður til.“

Segja má að leikárið sem Kristín kynnti nýverið sé það fyrsta sem hún mótar að fullu sem leikhússtjóri. „Þegar ég tók við var búið að leggja leikárið að talsverðu leyti en nú er ég að vinna þetta meira frá grunni þó svo að ég vinni þetta að sjálfsögðu með öðru fólki, verkefnavalsnefnd og fleira gott fólk kemur að því að móta þetta með mér. Auðvitað koma nýjar áherslur með nýju fólki. Við erum til dæmis að frumsýna sjö ný íslensk verk og viljum þannig leggja aukna áherslu á frumsköpun og höfundastarf. Svo eru margir leikstjórar að koma nýir inn í húsið og svo erum við að fara í verkefni sem eru kannski ólík því sem áður var, eins og heimildarverk um snjóflóðin fyrir vestan og fleira. Þegar við vorum að leggja leikárið þá spurðum við okkur þeirrar spurningar hvaða sögur þurfum við að segja. Í framhaldinu ákváðum við svo að setja fókus á bæði sögur í fortíð okkar og nútíð, en Flóð og Njála eru dæmi um slík verk. Svo vildum við líka taka inn nýjar vinnuaðferðir með nýjum leikstjórum á borð við Egil Heiðar Anton Pálsson sem hefur ekki leikstýrt hjá okkur áður en mun leikstýra Hver er hræddur við Virginíu Wolf? Þorleifur Örn mun vinna Njálu sem við vinnum í samstarfi við Íslenska dansflokkinn og þar erum við að skeyta saman spennandi listamönnum í Þorleifi og Ernu Ómars. Yana Ross er rísandi stjarna í evrópsku leikhúsi, verðlaunaleikstjóri frá Litháen sem mun setja upp Mávinn og svo mætti lengi telja. Þetta verður gríðarlega spennandi og skemmtilegt leikár.“

Aðspurð hvort hún telji að leikhúsið eigi að vera pólitískt þá segir Kristín að það sé nú kannski allt pólitískt í sjálfu sér. „Ég er á þeirri skoðun að leikhúsið eigi að spyrja spurninga frekar en að predika. Gott leikhús spyr stórra spurninga en er ekki að búa til svörin heldur lætur áhorfendum eftir að svara.

En mér finnst ákaflega mikilvægt að þegar við erum að taka fyrir klassísk verk, eins og við erum að gera talsvert af í vetur, þá sé veitt einhver ný sýn á verkið. Þannig að við spyrjum okkur alltaf að því af hverju við erum að setja upp viðkomandi verk í samtímanum og reynum að finna ákveðna samfélagslega tengingu við það hverju sinni. Þetta er stór liður í verkefnavalinu. Njála til að mynda er stór hluti af því hvernig við urðum að þjóð og það er eitthvað sem talar að okkar mati sterkt inn í samtímann í umræðu um þjóðerniskennd og margt fleira. Það verða líka fleiri verk sem takast á við stórar spurningar í samtímanum og við erum alltaf að reyna að skoða hvað það er sem brennur mest á okkur í dag. Leikhúsið þarf að vera lifandi og hugrakkt og við ákváðum að vera það bæði listrænt og verkefnavalslega í vetur.

En svo er líka mikilvægt að fólk eigi sér griðastað í leikhúsinu. Komi og skemmti sér með fjölskyldu og vinum. Það er alveg jafn mikilvægt eins og hitt. En aðalatriðið er að það sé vel gert og því setjum við markið hátt í þeim sýningum sem er ætlað að skemmta. Okkur fannst takast vel til við Billy Elliot sem snýr að sjálfsögðu aftur á fjalirnar og svo kemur Mamma Mia og þar ætlum við svo sannarlega að gera vel og gleðja leikhúsgesti.“ **magnus@frettabladid.is**



**Kristín Eysteinsdóttir Borgarleikhússtjóri er spennt fyrir nýju leikári, því fyrsta sem hún mótar að fullu.** Fréttablaðið/Stefán

# Ögrandi fegurð

**DANS**

***Reykjavík Dance Festival og Lókal***

***Splendour***
Stina Nyberg
★★★★☆

***Schönheitsabend***
Florentina Holzinger og Vincent Riebeek
★★★★☆

Hann rak réttar hinna umkomulausu og snauðu og allt gekk vel. Er það ekki að játa mig? Spyr Drottinn.
www.versdagsins.is

Splendour var sýnt í Gamla bíói en í því dönsuðu höfundur þess og sex aðrir dansarar við tónlist Dave Clarke af plötunni Archive One. Harðrytma teknótónlistin var stillt í botn eins og á besta skemmtistað og svo lögðu dansararnir af stað í stuðið. Markmið danssköpunarinnar var einfalt. Könnuð skyldu tengsl hljóðs og hreyfinga og það hvað gerist ef tónlist er mætt í hreyfingu án túlkunar eða tjáningar. Það má segja að danshöfundurinn hafi náð markmiði sínu með stæl. Stemningin á dansgólfinu var mögnuð og dansararnir sýndu frábæra takta svo að verkið fær fjórar stjörnur til að taka með sér heim. Samkvæmt leikskrá var æfingaferlið fyrst og fremst fólgið í því að æfa sig daglega í því að dansa við tónlistina. Þannig var ekki verið að safna saman efni fyrir sýningu, eins og hefðbundið er, sem síðan yrði mótað heldur eingöngu verið að æfa sig í að dansa með frjálsri aðferð við ákveðna tónlist. Lýsing á æfingaferlinu og sýningin sjálf minntu á Giselle Höllu og Johns sem sýnt var á miðvikudagskvöldið í Borgarleikhúsinu. Gengið var út frá einföldum leikreglum, þær æfðar og svo framkvæmdar fyrir framan áhorfendur. Fyrir áhorfandann var sýningin því eins og að vera mættur á skemmtistað nema að maður mátti ekki dansa með heldur var boðið að slást í hóp ungu mannanna sem standa með áfengi í hendi fyrir utan dansgólfið og fylgjast með hinum dansa. En það er ekki eins gaman að horfa bara á, undirrituð saknaði þess úr Giselle að hugmyndin yrði tekin áfram og gerð að sterkara dansverki fyrst fólki var boðið að horfa en ekki taka þátt.

Schönheitsabend var síðasta dansverkið sem boðið var upp. Það var sýnt í Tjarnarbíói á laugardagskvöldinu og auglýst sem ögrandi og ekki við hæfi barna vegna kynferðislegra skírskotana. Víst var verkið nógu kynferðislegt en á sama tíma fallegt og spurning hvort efni þess hefði ekki átt meira erindi til ungs fólks (kannski ekki barna) heldur en margt af því efni sem sá aldurshópur velur til áhorfs og snýst meira eða minna um andlegt og líkamlegt ofbeldi. Með tilvísanir í dansverkið Scheherazade eftir Mikael Fokine og líf listamanna eins og Vaslav Nijinsky, Anita Beber og Sebastian Droste, sem uppi voru í upphafi 20. aldar, velta höfundar verksins fyrir sér stöðu listamannsins í heimi þar sem sífellt er gengið lengra í því að ögra áhorfandanum, hugmyndum um nýja fagurfræði þar sem erótík, hryllingur og alsæla koma við sögu og hinni sífelldu spurningu um valdajafnvægi bæði í hinu stóra og hinu smáa. Verkið er fallega upp sett og notkun tónlistar mjög markviss. Samskipti dansaranna inni á sviðinu endurspegluðu hlýju og traust, ólíkt hefðbundinni nálgun á efnið sem þau fjalla um sem oft er sett í ofbeldisfullt samhengi. Meðferð þeirra á Scheherazade er mjög athyglisverð en þau taka kafla úr verkinu nánast beint upp en gefa honum þó alveg nýja vídd með því að leika sér með hugmyndir um kynhneigð og valdajafnvægi. Það sama má segja um tengingar við líf fólks eins og Nijinsky, sem var einn af þeim dönsurum hins vestræna heims sem voru í sem mestum metum þegar hann missti vitið aðeins rúmlega tvítugur. Hver voru áhrif listarinnar á þetta fólk sem nefnt hefur verið og hvernig hafði það að vera á sviðinu áhrif á persónulegt líf þess? Verkið var samt ekki skemmtilegt og upp komu spurningar um hvort maður nenniti að taka þátt í þessu því sem áhorfandi er maður jú þátttakandi í ákveðnum leik. Fram í hugann koma spurningar eins og hvers vegna að nota gömul verk en ekki bara að semja sitt eigið til að koma skoðunum sínum á framfæri og hvers vegna að hafa þrjá svona ólíka þætti í verkinu, því þó að þeir hefðu efnislega tengingu þá vantaði sterkara samhengi. En verkið fær samt fjórar stjörnur vegna þess að þó að ég hafi verið orðin þreytt á því á meðan á því stóð þá kallaði það á sterk viðbrögð og miklar vangaveltur þegar út var komið.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Tvær frumlegar og spennandi sýningar á flottri hátíð.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ 65 1950–2015
Hefjum leikinn
Tryggðu þér sæti á betra verði
Miðasala í síma 551 1200 og á leikhusid.is
Áskriftarkort
Fjórar eða fimm sýningar á Stóra sviðinu
14.500 kr. 4 sýningar
17.000 kr. 5 sýningar
Leikhúskort
Þrjár sýningar að eigin vali
11.500 kr.
Ungmennakort
Þrjár sýningar að eigin vali
9.500 kr.
Frumsýningarkort
Fjórar eða fimm frumsýningar á Stóra sviðinu
23.000 kr. 4 sýningar
27.000 kr. 5 sýningar
Sýningar í boði fyrir frumsýn.kort og áskriftarkort: Í hjarta Hróa hattar, Heimkoman, Sporvagninn Girnd, Hleyptu þeim rétta inn og Djöflaeyjan.




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 6:30 - 8 - 9 - 10:30 |
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 8 - 10:45 |
| ANT-MAN 2D | KL. 8 - 10:30 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 8 |
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | KL. 10:20 |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 10:10 |
| VACATION | KL. 8 |
| PIXELS | KL. 5:30 |
| SKÓSVEINARNIR ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| HITMAN: AGENT 47 | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| VACATION | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 8 - 10:20 |
| MISSION: IMPOSSIBLE | KL. 6 - 9 |
| INSIDE OUT ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| THE MAN FROM U.N.C.L.E. | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| VACATION | KL. 8 |
| THE GIFT | KL. 10:10 |
| INSIDE OUT ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 |







**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| STRAIGHT OUTTA COMPTON | 7, 10:10 |
| ABSOLUTELY ANYTHING | 6, 8, 10 |
| THE GIFT | 10 |
| MINIONS - ENS TAL 2D | 6 |



# Höfundakvöld í Norræna húsinu

Norræna húsið
The Nordic House

1. september kl. 19:30



Gestur kvöldsins er **danski rithöfundurinn Jens Andersen.** Hann mun ræða um bók sína Denne dag, et liv, sem fjallar um ævi Astrid Lindgren, við Þórdísi Gísladóttur rithöfund. Dagskráin fer fram á skandinavísku.

**Höfundakvöld Norræna hússins 2015–16**

- **1. september** Jens Andersen (DK)
- **6. október** Einar Már Guðmundsson (IS)
- **3. nóvember** Camilla Plum (DK)
- **1. desember** Rawdna Carita Eira (NO/samisk)
- **12. janúar** Kristina Sandberg (SE)
- **2. febrúar** Gaute Heivoll (NO)
- **1. mars** Åsne Seierstad (NO)
- **5. apríl** Susanna Alakoski (SE)
- **3. maí** tilkynnt síðar

Veitingastaðurinn **Aalto bistro** selur veitingar fram að viðburði og í hléi.

Sturlugata 5, 101 Reykjavík
Tel: 5517030, www.nordichouse.is



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**





# Hvað? Hvenær? Hvar? **Mánudagur**




## Uppákomur

**Hvað?** Prjónakaffi
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið í Árbæ, Hraunbæ 119
Úrval af handavinnublöðum og bókum. Allir velkomnir.

## Tónlist

**Hvað?** Hádegistónleikar með Þorsteini Frey Sigurðssyni
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu 34
Tenórinn Þorsteinn Freyr Sigurðsson stígur á svið ásamt píanóleikaranum Antóníu Hevesi. Fluttar verða ítalskar aríur. Tónleikarnir standa yfir í um klukkustund og er aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Dj She Looks Like You, But it´s Not You
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Dansverkstæði, Skúlagötu 30
Dansað í myrkri á Dansverkstæðinu. Aðgangseyrir 500 krónur.

**Hvað?** Harbeck/Flosason Swingtet
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 29
Harbeck/Flosason Swingtet er samstarfsverkefni danska tenórsaxófónleikarans Jan Harbeck og Sigurðar Flosasonar. Kjartan Valdemarsson leikur á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Leikið verður úrval sveiflutónlistar með frumskógarbragði. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** My Brother is Pale útgáfufögnuður
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Hljómsveitin My Brother is Pale fagnar útgáfu fyrstu breiðskífu sinnar Battery Low. Platan verður spiluð auk þess sem myndband við lagið Corpus Clandestine verður frumsýnt.

**Hvað?** Container, Hidden People og Ultraorthodox
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma, Naustin
Miðaverð 1.500 krónur.



## Sýningar

**Hvað?** How to become Icelandic in 60 minutes
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Samblanda af söguleikhúsi og uppistandi. Sýningin er flutt á ensku og samin af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. Leikarar eru Karl Ágúst Úlfsson og Örn Árnason. Miðaverð frá 4.200 krónum.

**Hvað?** Ævintýraóperan Baldursbrá
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurljós, Hörpu
Óperan byggir að hluta á íslenskum þjóðlögum og þulum. Sýningin er samstarfsverkefni Litla óperukompanísins, Íslensku óperunnar og Hörpu. Miðaverð 2.500 krónur.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Jens Andersen á höfundakvöldi
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu 5
Danski rithöfundurinn Jens Andersen, höfundur ævisögunnar Denne dag et liv, sem segir frá ævi sænska rithöfundarins Astridar Lindgren. Andersen flytur fyrirlestur um Lindgren og bókina. Þórdís Gísladóttir stýrir umræðum og fer dagskráin fram á skandinavísku. Viðburðurinn er hluti af Höfundakvöldaseríu Norræna hússins.

**Hvað?** Kúrdíska frelsishreyfingin, fasismi og and-fasismi í samtímanum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Múltikúlti, Barónsstíg 3
Fluttur verður stuttur fyrirlestur þar sem stiklað verður á stóru í sögu kúrdísku frelsishreyfingarinnar. Áhersla verður lögð á þátt kvenna í kúrdísku frelsishreyfingunni fyrr og nú. Aðgangur er ókeypis.


STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
kynnir
FRANK
SINATRA
100 ára
Bjarni Arason
Björgvin Halldórsson
Egill Ólafsson
Helgi Björnsson
Friðrik Ómar Hjörleifsson
Jógvan Hansen
Páll Óskar Hjálmtýsson
Pálmi Gunnarsson
Ragnar Bjarnason
Valdimar Guðmundsson
Þór Breiðfjörð
Stjórnandi: Sigurður Flosason
Eldborg, Hörpu, 23. september kl. 20:00
Miðasala: harpa.is
HARPA
www.harpa.is




2 | 19:50
**HJÁLPARHÖND**
Vönduð ný þáttaröð í umsjá Rikku og fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi. Störfin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stoðir samfélagsins.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 20:20
**EMPIRE**
Spennandi þættir um Lucious Lyon sem státar af mikilli velgengni í tónlistarheiminum þegar hann greinist með alvarlegan sjúkdóm.



2 | 21:05
**THE BRINK**
Heimurinn er á barmi þriðju heimstyrjaldar og aðeins einn maður getur hjálpað bandarísku ríkisstjórninni að koma í veg fyrir það.




2 | 21:30
**BALLERS**
Frábærir þættir með Dwayne „The Rock“ Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp amerískra fótboltaleikara og fjölskyldur þeirra.




| 22:00
**22 JUMP STREET**
Channing Tatum og Jonah Hill leika þá félagana Jenko og Schmidt sem eru alltaf til í að taka að sér hin furðulegustu verkefni.



3 | 20:25
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Krakkastöðin | 18:00
**ÆVINTÝRI TINNA**
Skemmtileg teiknimynd um ævintýradrenginn Tinna og Tobba besta vin hans.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**


# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Middle
**08.25** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful.
**09.35** The Doctors
**10.15** Suits
**11.00** Silicon Valley
**11.30** The World's Strictest Parents
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** American Idol
**15.10** Touch
**15.55** The Amazing Race
**16.35** Bad Teacher
**16.55** Teen Titans Go
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.25** Anger Management
**19.50** Hjálparhönd (1.8) Vönduð ný þáttaröð í umsjá Rikku sem fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi. Störfin eru jafnólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stoðir samfélagsins.
**20.20** Empire
**21.05** The Brink
**21.30** Ballers
**21.55** The Strain
**22.40** Louie
**23.05** Covert Affairs
**23.45** Mistresses
**00.35** Rita
**01.20** Major Crimes
**02.05** Pompeii
**03.50** Think Like a Man
Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.



Ballers, 21.30

## SPORT

**07.00** Pepsí deildin 2015
**08.50** Pepsímörkin 2015
**12.10** Ítalski boltinn 2015/2016
**13.50** NBA
**14.15** Pepsí deildin 2015
**16.05** Pepsímörkin 2015
**17.20** Spænski boltinn 2015/2016
**19.00** Spænsku mörkin 2015/2016
**19.30** Ítalski boltinn 2015/2016
**21.10** Ítalski boltinn 2015/2016
**22.50** UFC Now 2015 Flottir þættir þar sem farið er ítarlega í allt sem við kemur UFC og blönduðum bardagaíþróttum.
**23.40** NBA
**00.05** Spænsku mörkin 2015/2016

## SPORT 2

**08.00** Messan
**10.15** Premier League 2015/2016
**12.00** Premier League 2015/2016
**13.40** Football League Show 2015/16
**14.10** Goðsagnir efstu deildar
**14.55** Pepsí deildin 2015
**16.45** Pepsímörkin 2015
**18.15** Premier League 2015/2016
**20.00** Premier League Review 2015 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar eru gerðir upp.
**20.55** Premier League 2015/2016
**22.35** Messan
**23.50** Premier League 2015/2016
**01.40** Premier League Review 2015

## STÖÐ 3

**18.35** Baby Daddy
**19.00** World's Strictest Parents
**20.00** Suburgatory
**20.25** One Born Every Minute
**21.15** Justified
**22.00** Last Ship
**22.45** Awake
**23.30** The Originals
**00.15** The Mysteries of Laura
**01.00** World's Strictest Parents
**01.45** Suburgatory
**02.10** One Born Every Minute
**03.00** Justified
**03.45** Last Ship

## KRAKKASTÖÐIN



**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Leyndarmál vísindanna
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Tommi og Jenni
**08.55** UKI
**09.00** Ofurhundurinn Krypto
**09.22** Lína langsokkur
**09.47** Stóri og Litli
**10.25** Latibær
**10.47** Zigby
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Leyndarmál vísindanna
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.45** Tommi og Jenni
**12.51** UKI
**13.00** Ofurhundurinn Krypto
**13.22** Lína langsokkur
**13.47** Stóri og Litli
**14.25** Latibær.
**14.47** Zigby
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Leyndarmál vísindanna
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.45** Tommi og Jenni
**16.51** UKI
**17.00** Ofurhundurinn Krypto
**17.22** Lína langsokkur
**17.47** Stóri og Litli
**18.25** Latibær
**18.47** Zigby
**19.00** Pétur og kötturinn Brandur

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour 2015
**12.00** PGA Tour 2015- Highlights
**12.55** LPGA Tour 2015
**14.55** PGA Tour 2015
**18.55** Golfing World 2015
**19.45** PGA Tour 2015

## GULLSTÖÐIN

**17.55** Strákarnir
**18.25** Friends
**18.50** New Girl
**19.15** How I Met Your Mother
**19.40** Two and a Half Men
**20.05** Tossarnir
**20.45** Veggfóður
**21.35** Fringe
**22.20** Curb Your Enthusiasm
**22.50** Chuck
**23.35** Cold Case
**00.20** Tossarnir
**01.00** Veggfóður
**01.50** Fringe
**02.35** Curb Your Enthusiasm
**03.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00** Hope Springs
**12.40** The Bucket List
**14.15** The Amazing Spider-man
**16.30** Hope Springs
**18.10** The Bucket List
**19.45** The Amazing Spider-man Fjórða og jafnframt nýjasta myndin í þessum vinsæla ævintýrabálki. Hér er í brennidepli ósögð saga sem sýnir nýjar hliðar á Peter Parker. Með aðalhlutverk fara Andrew Garfield, Jamie Foxx, Martin Sheen, Sally Field og Emma Stone.
**22.00** 22 Jump Street
**23.50** Green Hornet
**01.50** Look Again
**03.20** 22 Jump Street



The Amazing Spider-man, 19.45

## RÚV

**16.35** Séra Brown
**17.20** Friðþjófur forvitni
**17.43** Millý spyr
**17.50** Sanjay og Craig
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Konunglegar kræsingar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Golfið
**20.45** Hefnd
**21.25** Hreyfifíkn (DR2 Undersøger: Afhængig af træning) Danskur heimildarþáttur um hreyfifíkn. Fylgst er með manni sem er háður líkamsrækt og spurt hvort of mikil hreyfing geti verið hættuleg.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Kóðinn
**23.15** Vitnin
**00.15** Kastljós
**00.55** Fréttir
**01.10** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** The Office
**15.00** Top Chef
**15.45** The Good Wife
**16.25** Eureka
**17.05** America's Next Top Model
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Talkl.
**19.10** Catfish
**19.55** Welcome to Sweden (8.10) Glæný sænsk grínþáttaröð, en þættirnir slógu rækilega í gegn í Svíþjóð fyrr á þessu ári. Welcome to Sweden fjalla um hinn bandaríska Bruce (Greg Poehler) sem segir upp vellauðu starfi í New York til að flytja með sænskri kærustu sinni, Emmu (Josephine Bornebusch), til Svíþjóðar. Parið ætlar sér að hefja nýtt líf í Stokkhólmi og fáum við að fylgjast með Bruce takast á við nýjar aðstæður í nýjum heimkynnum á sprenghlægilegan hátt.
**20.15** Reign
**21.00** Parenthood
**21.45** Ray Donovan
**22.30** Sex & the City
**22.55** American Odyssey
**23.40** Girlfriends' Guide to Divorce
**00.25** Satisfaction
**01.10** Parenthood
**01.55** Ray Donovan
**02.40** Sex & the City
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


EM Í KÖRFUBOLTA 2015
EuroBasket 2015
5.-20. SEPTEMBER
5. SEPT. KL. 13:00 ÍSLAND-ÞÝSKALAND
6. SEPT. KL. 16:00 ÍSLAND-ÍTALÍA
8. SEPT. KL. 12:30 ÍSLAND-SERBÍA
9. SEPT. KL. 19:00 ÍSLAND-SPÁNN
10. SEPT. KL. 19:00 ÍSLAND-TYRKLAND
SECURITAS
ICELANDAIR
RÚV
-annað og meira

# Hinn umdeildi Kanye West

**Kanye West** náði enn og aftur eyrum heimsbyggðarinnar þegar hann lýsti því yfir á VMA-hátíðinni að hann ætlaði að bjóða sig fram til forseta Bandaríkjanna árið 2020. Lífið tók saman eftirminnileg ummæli undanfarinna ára.



**Bílslysið**
Að sjálfsögðu var ekkert umdeilt við bílslysið sem Kanye West lenti í, síðla kvölds í október 2003. Þá var Kanye lítt þekktur taktsmiður. Eftir bílslysið sendi hann frá sér Through the Wire, en textinn í laginu fjallar um slysið og lífið eftir það. Við það skaust Kanye upp á stjörnuhimininn og hefur ekki litið við síðan.

**Baráttan við Bush**
„George Bush er sama um svart fólk," sagði Kanye West í beinni útsendingu frá söfnun fyrir fórnarlömb hvirfilbylsins Katrínu á NBC. Kanye stóð við hliðina á leikaranum Mike Myers, sem virkaði ótrúlega hissa. Kanye hélt langa ræðu um ástandið á svæðinu sem varð verst úti. Fjölmiðlar í Bandaríkjunum, og um allan heim raunar, sökktu sér ofan í málið og fékk Kanye stóran skerf af gagnrýni. Hann baðst síðar afsökunar á ummælunum.

**Líkindin við Jesú**
Kanye hefur nokkrum sinnum líkt sér við sjálfan frelsara kristinna manna og sjaldan hefur það fallið vel í kramið hjá söfnuðum og trúuðum víðs vegar um Bandaríkin. Hann prýddi forsíðu tímaritsins Rolling Stone í kjölfar vinsælda lagsins Jesus Walks. Á forsíðunni var hann með þyrnikórónu eins og Kristur. Washington Post hafði eftir Kanye að hann teldi margt líkt með sér og Jesú og baráttu hans. „Hann þurfti að berjast fyrir því að láta taka eftir sér og leið fyrir velgengni sína." Kanye tók samanburðinn enn lengra þegar hann nefndi eina breiðskífu sína Yeezus.

**Taylor Swift og verðlaunin**
Af öllu því sem Kanye hefur gert um ævina hefur örugglega ekkert gert almenning jafn reiðan og þegar hann ruddist upp á svið á VMA-verðlaunahátíð MTV árið 2009. Þá var Taylor Swift að taka við verðlaunum fyrir myndband ársins, en Kanye þótti Beyoncé hafa átt verðlaunin skilið. „Ég samgleðst þér, Taylor," sagði hann og bætti við: „En Beyoncé átti eitt af bestu myndböndum allra tíma."

**Líkindin við Hitler**
Eftir því sem liðið hefur á feril Kanye virðist hann upplifa að sótt sé að honum í sífellu. Margir furðuðu sig á því þegar hann líkti reynslu sinni við það sem hann taldi foringja nasista hafa þurft að upplifa. „Þegar ég labba niður götuna lítur fólk á mig eins og ég sé fokking geðveikur. Eins og ég sé Hitler." AP-fréttastofan sagði frá því að áhorfendur hefðu baulað í kjölfar þess að Kanye lét þessi orð falla. Blaðamaður Los Angeles Times fékk sálfræðing til að greina Kanye í kjölfarið og var niðurstaðan að Kanye glímdi við sjálfsupphafningar-persónuleikaröskun (sem á ensku er kallað narcissism).

**ÉG SAMGLEÐST ÞÉR, TAYLOR, EN BEYONCÉ ÁTTI EITT AF BESTU MYNDBÖNDUM ALLRA TÍMA.**

**Ræðan á sunnudag**
Á sunnudagskvöldið vakti Kanye svo enn og aftur athygli, með því að lýsa því yfir að hann ætlaði sér að bjóða sig fram til forseta Bandaríkjanna 2020. Í ræðu, sem hann hélt eftir að Taylor Swift afhenti honum hin svokölluðu Vanguard-verðlaun fyrir góða frammistöðu í gegnum árin, kom hann inn á ýmislegt merkilegt. Til að mynda sagðist hann ekki skilja af hverju svona verðlaunahátíðir væru haldnar yfirhöfuð. Hann gagnrýndi fjölmiðla mikið, meðal annars MTV.



# Potta & pönnudagar

WMF Silit kela

20%
50%
AFSLÁTTUR
20%
AFSLÁTTUR
50%

Pottar í öllum stærðum og gerðum, vandaðar viðloðunarfríar pönnur og glæsileg pottasett.
**20-50% afsláttur í nokkra daga**



Lítið við eða skoðið úrvalið á kunigund.is

KÚNÍGÚND
SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR
Laugavegur – Kringlan – Vefverslun
www.kunigund.is

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Iðnaðarhúsnæði til leigu



Miðhraun 4
210 Garðabær

Eigum laus tvö rými á þessum frábæra stað. Um er að ræða 430 m² rými á jarðhæð sem nýta mætti undir lager eða fyrir annan iðnað, möguleiki að bæta við innkeyrsluhurðum. Á efri hæð er laust 430 m² sem mætti nýta á ýmsan hátt.



Rauðhella 5
221 Hafnarfjörður

Vönduð og góð iðnaðarbil í snyrtilegu húsi. Laus eru tvö bil sem annars vegar eru 270 m² og hins vegar 320 m². Góð lofthæð er í rýmunum og stórar innkeyrsluhurðir. Eign á góðum stað í vaxandi hverfi.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

sími: 512 8900 reginn.is

# Athyglin beinist nú að fjármálaráðherra



## Umræða um Ashley Madison-lekann er mikil í þjóðfélaginu. Bjarni Benediktsson var skráður á síðuna, undir notendanafninu IceHot1.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra komst í fréttirnar í gær vegna þess að netfang hans fannst í Ashley Madison-gögnunum. Þóra Margrét Baldvinsdóttir, eiginkona Bjarna, hóf umræðuna um málið á Facebook-síðu sinni og sagði hjónin hafa skráð sig saman á síðuna fyrir forvitnissakir. „Við heyrðum um þennan umdeilda vef í erlendum fréttum fyrir um sjö árum,“ ritaði Þóra á Facebook og bætti við: „Í framhaldi af því skoðuðum við vefinn fyrir forvitnissakir, en til þess þurfti að fylla út þar til gert form, skrá netfang, erlent póstnúmer og fleira sem við gerðum í algjörum hálfkæringi og af léttúð. Við höfum aldrei síðan farið inn á þennan vef. Það var aldrei greitt fyrir skráningu eða aðgang að vefnum. Þessi heimsókn hefur ekki leitt til samskipta við nokkurn mann, hvað þá trúnaðarbrots af neinum toga.“

**VIÐ HEYRÐUM UM ÞENNAN UMDEILDA VEF Í ERLENDUM FRÉTTUM FYRIR UM SJÖ ÁRUM. Í FRAMHALDI AF ÞVÍ SKOÐUÐUM VIÐ VEFINN FYRIR FORVITNISSAKIR.**

Samkvæmt heimildum fréttastofu 365 var reikningur tengdur við netfang Bjarna stofnaður árið 2008 og virðist aðeins hafa verið notaður einu sinni.

Notendanafnið á reikningnum vakti mikla athygli þegar það spurðist út, en það var IceHot1. Miklar umræður spunnust upp um málið á Twitter þar sem fjölmargir tjáðu sig um málið.



Bjarni Benediktsson

## Hvað gerðist hvenær í lekanum?

JÚLÍ » ÁGÚST

**12. júlí** Starfsmenn fyrirtækisins Avid Life Media, sem heldur úti síðunni, fá skilaboð á tölvurnar sínar þegar þeir mæta til vinnu. Þar stendur að brotist hafi verið inn í gagnagrunn síðunnar og hóta hakkararnir að birta gögnin sem þar eru, nema að síðan sé tekin niður. Með skilaboðunum fylgdi lagið Thunderstruck með AC/DC.

**19. júlí** Hakkarahópurinn The Impact Team (sem talið er að standi að árásinni) sendir frá sér gögn um tvo menn sem skráðir voru á Ashley Madison. Með því vildi hópurinn sanna að alvara væri á bak við hótanirnar.

**20. júlí** Forsvarsmenn Avid Life Media leita til lögreglunnar í Toronto vegna málsins. Áður var búið að rannsaka málið innan fyrirtækisins og ráða einkaspæjara til þess að kafa ofan í málið. Um leið og leitað er til lögreglu er fjölmiðlum tilkynnt um málið.

**17. ágúst** Öllum upplýsingum úr gagnagrunni síðunnar er lekið. Netföng, heimilisföng, hlutar kreditkortanúmera og upplýsingar um hverju notendur sækjast eftir eru meðal þess sem er opinberað.

**19. ágúst** Meiri upplýsingum er lekið. Tölvupóstssamskipti starfsmanna og bankaupplýsingar fyrirtækisins eru gerðar opinberar.

**23. ágúst** Leiðtogi The Impact Team kemur fram í viðtali hjá Vice og segir frá því að það hafi verið nokkuð auðvelt að komast yfir gögnin, gæslan hafi verið slök á síðunni.

**24. ágúst** Tvær kanadískar lögfræðiskrifstofur höfða mál á hendur Avid Life Media, fyrir hönd allra Kanadabúa. Farið var fram á nokkur hundruð milljónir í sakabætur.

**24. ágúst** Aðstandendur síðunnar lofa á sjöunda tug milljóna króna fyrir þann sem getur veitt upplýsingar um hverjir það voru sem hökkuðu síðuna.

**27. ágúst** Grein birtist á vefnum Gizmodo, þar sem kemur fram að aðeins 12 þúsund af þeim 5,5 milljónum reikninga sem skráðir voru á konur voru notaðir reglulega. Svo virðist sem fjöldi reikninga hafi verið búinn til af einhverjum öðrum. Í greininni kemur til að mynda fram að kona sem áður vann fyrir Avid Life Media hafi farið í mál við fyrirtækið, vegna þess að hún hafi verið látin búa til ímyndaða reikninga fyrir notendur síðunnar. Samið var um málið áður það fór fyrir dóm.

**28. ágúst** Stofnandi og framkvæmdastjóri Ashley Madison, Noel Biderman, lætur af störfum. Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu kemur fram að ákvörðunin sé tekin með hagsmuni fyrirtækisins í huga.

Allt það besta hjá 365
ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*
Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.
*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is 365

# Aukin tækifæri með nýrri þekkingu

## Fjölbreytt úrval námskeiða við allra hæfi

### Greinaskrif og hugmyndavinna

**Hagnýt skrif**
Að koma hugsunum á blað.
***Hefst 19. okt.***

**Skapandi hugsun** Nýtt
Fyrir þá sem vilja öðlast kjark til að deila hugmyndum sínum og öðlast innsýn í skapandi ferli frá hugmynd til verkloka.
***Hefst 20. okt.***

### Hönnun og handverk

**Andlit/portrett**
Fyrir byrjendur. ***Hefst 5. okt.***

**Fatabreytingar**
***Hefst 20. okt.***

**Landslag, málun og skissuvinna**
***Hefst 19. okt.***

**Málað með spaða** Nýtt
***Hefst 16. nóv.***

**Olíumálun/litafræði**
Fyrir byrjendur. ***Hefst 21. sept.***

**Saumanámskeið**
Grunnur. ***Hefst 14. sept., 16. sept., 17. sept. og 23. okt.***
Framhald. ***Hefst 28. okt.***

**Silfursmíði**
Fyrir byrjendur og lengra komna.
***Hefst 7. sept., 9. sept. og 29. sept.***

**Skissuteikning**
***Hefst 14. sept.***

**Skrautskrift – Italic Calligraphy**
Fyrir byrjendur. ***Hefst 5. nóv.***

**Steinaslípun**
Vinnustofa við steinaslípun; hugmyndavinna, mótun, sögun, slípun og pólering. ***Hefst 12. okt.***

**Taulitun og tauþrykk**
***Hefst 17. okt.***

**Teikning**
Grunnur. ***Hefst 5. okt.***
Framhald. ***Hefst 9. nóv.***

**Tískuteikning**
Skissuvinna, teikning og litun.
***Hefst 6. okt.***

**Umbúðahönnun** Nýtt
Grafísk hönnun og formteikningar.
***Hefst 15. okt.***

**Víravirki**
Farið í gerð víravirkis allt frá undirbúningi efnis að fullunnu skarti. ***Hefst 9. nóv.***

### Málmur og tré

**Bólstrun**
Fyrir byrjendur. ***Skráning á biðlista.***

**Gítarsmíði**
Rafmagnsgítar smíðaður frá grunni.
***Hefst 21. sept.***

**Hannað og smíðað**
***Hefst 13. okt.***

**Húsgagnaviðgerðir**
***Hefst 7. sept. og 5. okt.***

**Járnrennismíði**
Fyrir byrjendur. ***Hefst 26. okt.***

**Málmsuða**
Grunnur. ***Hefst 5. okt.***
Framhald. ***Hefst 16. nóv.***

**Trésmíði fyrir konur**
***Hefst 21. sept. og 16. nóv.***

**Útskurður í tré**
***Hefst 31. okt.***

### Raftækni

**Arduino**
Fyrir byrjendur og lengra komna.
***Hefst 26. okt.***

**Rafeindatækni fyrir byrjendur**
Fjarnám með þremur staðbundnum lotum. ***Hefst 16. okt.***

**Raspberry Pi** Nýtt
Fyrir byrjendur. ***Hefst 29. sept.***

### Skipstjórn – vélstjórn

**ARPA ratsjárnámskeið**
Grunnur. ***Hefst 11. okt.***
Endurnýjun. ***Hefst 13. okt.***

**ECDIS rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi**
***Hefst 26. okt.***

**Endurnýjun skipstjórnarréttinda**
***Haustönn 2015.***

**GMDSS ROC/GOC**
***Hefst 19. okt.***

**Hásetafræðsla**
Hásetafræðsla – aðstoðarmaður í brú.
***Hefst 16. nóv.***

**IMDG endurnýjun**
***Haldið 5. nóv.***

**Skemmtibátanámskeið**
Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf. Kennt í fjarnámi.
***Hefst 5. okt.***

**Smáskipanámskeið**
Kennt í fjarnámi. ***Hefst 5. okt.***

**Smáskipavélavörður – vélgæsla**
***Hefst 14. sept.***

### Tölvur og upplýsingatækni

**After Effects – vídeóeftirvinnsla**
***Hefst 26. okt.***

**App fyrir Android**
Þú þarft ekki að vera forritari til að búa til app. ***Hefst 9. nóv.***

**AutoCAD**
Fjarnám með fjórum staðbundnum lotum. ***Hefst 10. okt.***

**Bæklingagerð í InDesign**
Farið í helstu atriði varðandi umbrotshönnun og framsetningu á texta, myndum og grafík.
***Hefst 20. okt.***

**Forritun í C#**
Farið í grunnþætti forritunar.
***Hefst 15. sept.***

**Forskot í þrívíddarhönnun** Nýtt
Lærðu að módela í þrívídd fyrir tölvuleiki, búa til áferðir og lýsa. ***Hefst 13. okt.***

**HTML5 og CSS3**
***Hefst 29. sept.***

**Illustrator** Nýtt
Kennt að nota helstu tól forritsins og kennd undirstöðuatriði í teikningu.
***Hefst 19. okt.***

**jQuery**
Grunnur. ***Hefst 12. okt.***

**Lightroom myndvinnsla**
Grunnur. ***Hefst 14. sept.***

**Ljósmyndanámskeið**
Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.
***Hefst 12. okt.***

**Lýsing og rendering**
Fyrir hönnuði og arkitekta. ***Hefst 7. nóv.***

**Maya grunnur**
Hönnun og hreyfimyndagerð.
***Hefst 28. sept.***

**Photoshop**
Fyrir byrjendur. ***Hefst 28. sept.***

**Revit Architecture**
Grunnur. ***Hefst 28. sept.***
Framhald. ***Hefst 3. nóv.***

**SketchUp þrívíddarteikning**
Fyrir margvíslegar teikningar.
***Hefst 28. sept.***

**Tölvuleikjagerð í þrívídd**
Unity 3D forritið kynnt og tölvuleikur búinn til. ***Hefst 10. nóv.***

### Umhverfi og útivist

**GPS staðsetningartæki og rötun**
Fyrir byrjendur og þá sem vilja upprifjun í notkun á staðsetningartækjum.
***Hefst 14. sept.***

**Reiðhjólaviðgerðir**
Farið í léttar viðgerðir og viðhald reiðhjóla. ***Haldið 26. sept.***

### Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf

**Undirbúningsnámskeið fyrir sveinspróf í vélvirkjun**
Bilanagreining, málmsuða og smíðar.
***Hefst 7. sept.***

**Skráning og nánari upplýsingar:**
www.tskoli.is/namskeid | endurmenntun@tskoli.is | Sími 514 9602
**Námskeið Endurmenntunarskólans eru styrkhæf hjá flestum fræðslusjóðum stéttarfélaga.**

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Spænskur framsóknarmaður

Eftir því sem ég flyt oftar þeim mun meira álit fæ ég á Díógenesi, eignarlausa og alsæla heimspekingnum sem bjó í tunnu á torginu og átti aðeins eina larfa til skiptanna. Hann var svo sáttur að þegar Alexander mikli bauð honum hvað eina, bað hann um það eitt að sá mikli færði sig aðeins, enda var Díógenes í sólbaði en Makedóníukóngurinn stóð fyrir sólinni.

Fæst erum við svo göfug. Við erum vís til að sanka að okkur öllum mögulegum hlutum sem við höfum akkúrat engin not fyrir. Nú í síðustu flutningum ætlaði ég aðeins að grynnka á mínum veraldlegu eigum svo ég tók mikið af kaupfélagsklæðnaði, þar á meðal sveitalegan jakka sem hver framsóknarmaður í framboði gæti verið fullsæmdur af, og hélt á fund útigangsmannsins sem býr undir brúnni við hraðbrautina í Fuengirola. Hann leit á fatnaðinn en þakkaði svo pent fyrir sig. Sagðist eiga nóg af klæðum í hjólbörunum sínum.

Ég fór að velta því fyrir mér hvort þetta væri til vitnis um andleg auðæfi útigangsmannsins eða það hversu fátæklegur fatnaður minn væri.

Ég velti því einnig fyrir mér hvort heimurinn væri ekki hrifinn af svona göfugu fólki. Nægir þar að nefna örlög þessa manns og svo erum við búin að svívirða minningu Díógenesar um alla eilífð með því að nefna eftir honum heilkenni það sem veldur því að menn sanka að sér rusli og valda nágrönnum sínum angri með illa lyktandi öskuhaugum sem þeir koma fyrir í heimkynnum sínum.

Þvílík ósvinna, eða hvað þætti þér um það að komandi kynslóðir kölluðu minnimáttarkennd Gillzenegger sindrómið?

Ég fór með fötin til einhverra samtaka og nokkrum dögum síðar sá ég annan útigangsmann í kunnuglegum jakka. Þá skildi ég hvað vakti fyrir félaga mínum undir brúnni. Það er ekkert spennandi að líta út eins og spænsk útgáfa af framsóknarmanni.








**YFIRBURÐIR**

**Fréttablaðsins staðfestir**

**Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára.** Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



**Allt sem þú þarft ...**

